

Mat
á starfi
leikskóla Hólmavíkur
Lækjarbrekku

Jóhanna G. Kristjánsdóttir
Skýrsla unnin fyrir menntamálaráðuneytið
- Apríl 2000 -

Útdráttur

- Mat á leikskólanum Lækjarbrekku, Hólmavík var gert að beiðni menntamálaráðuneytisins í samræmi við reglugerð um starfsemi leikskóla nr. 225/1995. Verkefnið var unnið á tímabilinu nóvember 1999 – apríl 2000. Gagnaöflun fór aðallega fram í nóvember, desember og janúar, en úrvinnsla úr gögnum í febrúar og mars. Skýrslan var unnin í apríl 2000.
- Í skýrslunni kemur fram lýsing á ytra umhverfi leikskólans og innra starfi. Þar er einnig greint frá viðhorfakönnun sem gerð var meðal foreldra sem eiga börn á leikskólanum Lækjarbrekku.
- Niðurstöður matsins eru á þá leið að á Lækjarbrekku fari fram mjög gott og vandað starf þrátt fyrir skilyrði sem standast ekki þau viðmið sem sett eru varðandi húsrými og menntun starfsmanna.
- Bent er á atriði sem betur mega fara og leiðir til úrbóta í 4. kafla skýrslunnar.

Formáli

Á Íslandi á mat á leikskólastarfi sér ekki langa hefð eða sögu. Matið sem þessi skýrsla segir frá er ein af fyrstu aðgerðum sinnar tegundar í íslenskum leikskólum, en verið er að skapa hefð og væntanlega þróast starfshættir við slíkt mat hratt og örugglega á næstu árum.

Mat á starfsemi leikskóla er af ýmsum ástæðum viðkvæm aðgerð, m.a. vegna þess að við slíkt mat er tæpast unnt að beita neinu sem kalla mætti hlutlaus „mælitæki“ eða „matskvarða“ í venjulegum skilningi orðanna heldur er fyrst og fremst um að ræða eins konar könnun og lýsingu á því hvernig starfað sé og hvort ákvæði laga og reglugerðar um starfsemi leikskóla séu virt. Til þess sem gerir mat af þessu tagi er þó gerð óbein krafa um að hann felli dóma um starfsemina. Sú niðurstaða er þá fyrst og fremst byggð á skipulegri athugun á þeim gögnum sem safnað hefur verið en byggist einnig á innsæi og yfirsýn yfir þætti er miklu varða þegar uppeldi, þjálfun og kennsla eiga í hlut.

Enn eiga vel við orð eins af fremstu fræðimönnum á öldinni sem leið á sviði mats á skólastarfi:

Ekki er til nein ein aðferð við mat á skólastarfi sem hentar jafn vel við allar aðstæður. Þörf fyrir upplýsingar getur verið breytileg. Væntingar til matsins eru líka misjafnar og hið sama gildir um viðmiðanirnar sem notaðar eru. Þeir sem leggja mat á skólastarf hafa auk þess mismunandi áherslur að leiðarljósi og beita mismunandi aðferðum, sem geta vissulega hentað misvel þeim sem kallað hafa eftir mati eða úttekt (Robert Stake, 1976:18).

Það var mjög ánægjuleg reynsla að kynnast starfsfólki og börnum á leikskólanum Lækjarbrekku. Myndin af starfinu sem er sterkust í huga mínum er björt og full af krafti og trú á framtíðina.

Í apríl 2000

Jóhanna G. Kristjánsdóttir

Efnisyfirlit

<u>ÚTDRÁTTUR</u>	I
<u>FORMÁLI</u>	II
<u>EFNISYFIRLIT</u>	III
<u>INNGANGUR</u>	1
<u>1. SAGT FRÁ YTRI RAMMA STARFSINS Á LÆKJARBREKKU</u>	4
<u>1. 1 LEIKSKÓLASTARF Á HÓLMAVÍK</u>	4
<u>1. 2 STAÐSETNING, BYGGINGIN, ÚTIVISTARSVÆÐIÐ OG UMHVERFIÐ</u>	4
<u>1. 3 REKSTUR OG STJÓRNUN</u>	5
<u>1. 4 STARFSÁR LEIKSKÓLANS, DVALARGJALD OG DAGLEGUR DVALARTÍMI BARNANNA</u>	5
<u>1. 5 STARFSFÓLK</u>	6
<u>1. 6 BÖRNIN</u>	7
<u>1. 7 AÐSTAÐA OG SKIPULAG</u>	7
<u>1. 8 DEILDASKIPTING OG DAGSKIPULAG</u>	8
<u>1. 9 LEIKFÖNG, ÁHÖLD OG TÆKI</u>	9
<u>2. SAGT FRÁ INNRA STARFI Í LEIKSKÓLANUM LÆKJARBREKKU</u>	10
<u>2. 1 SKÓLANÁMSKRÁ</u>	10
<u>2. 2 HUGMYNDAFRÆÐILEGUR GRUNNUR OG STEFNA LEIKSKÓLANS</u>	11
<u>2. 3 FORELDRASAMSTARF</u>	12
<u>2. 4 SAMSKIPTI VIÐ AÐRA LEIKSKÓLA</u>	13
<u>2. 5 SAMSKIPTI VIÐ GRUNNSKÓLANN</u>	13
<u>3. VIÐHORF FORELDRA TIL LEIKSKÓLASTARFSINS: KÖNNUN</u>	15
<u>3. 1 FRAMKVÆMD</u>	15
<u>3. 2 NIÐURSTÖÐUR VIÐHORFAKÖNNUNAR</u>	15
<u>4. NIÐURSTÖÐUR ATHUGUNAR / MAT</u>	22
<u>4. 1 MAT Á YTRI AÐSTÆÐUM</u>	22

<u>Húsnæði, búnaður o.fl.</u>	22
<u>Rekstur og stjórnun</u>	23
<u>Starfsár leikskólans, dvalargjald og daglegur dvalartími barnanna</u>	24
<u>Starfsfólk</u>	24
<u>Skipulag, leikföng, tæki o.þ.u.l.</u>	25
4. 2 MAT Á INNRA STARFI, STARFSANDA O.FL.	26
<u>Skólanámskráargerð, hugmyndafræðilegur grunnur og stefna leikskólans</u>	26
<u>Foreldrasamstarfið</u>	27
<u>Samskipti við grunnskólann og aðra</u>	28
<u>Vettvangsferðir</u>	28
<u>Innra skipulag og inntak leikskólastarfsins</u>	28
<u>Stjórnun innra starfs</u>	29
4. 3 HEILDARMAT	29
4. 4 TILLÖGUR TIL ÚRBÓTA	31
<u>LOKAORÐ</u>	32
<u>HEIMILDASKRÁ</u>	33
<u>Ritaðar heimildir</u>	33
<u>Munnlegar heimildir</u>	33
<u>VIÐAUKAR</u>	34
<u>Viðauki I</u> <u>Myndir frá Lækjarbrekku</u>	34
<u>Viðauki II</u> <u>Bréf o.fl.</u>	34
<u>Viðauki III</u> <u>Námsleiðir á Lækjarbrekku</u>	34
<u>Viðauki IV</u> <u>Teikning af leikskólabyggingu og útivistarsvæði</u>	34
<u>Viðauki V</u> <u>Spurningalisti</u>	34
<u>Viðauki VI</u> <u>Viðhorfakönnun: Tíðnitöflur</u>	34

Inngangur

Málefni leikskóla heyra undir menntamálaráðuneytið sem fer með yfirstjórn þeirra. Teljast leikskólar nú vera fyrsta skólastigið af fjórum í hinu opinbera skólakerfi — á undan grunnskóla-, framhaldsskóla- og háskólastigi. Starfsemi leikskóla hefur þannig hlotið formlega viðurkenningu sem fyrsti hlekkurinn í langri keðju sem myndar rammann um uppeldi og menntun íslenskrar æsku. Þessi rammi þarf að sjálfstöðu að vera skýr og inntak starfsins traust allt frá byrjun til enda.

Starfsemi uppeldisstofnananna sem nú ganga undir nafninu „leikskólar“ á sér nokkra sögu hér á landi sem og annars staðar í hinum vestræna heimi þótt hún hafi ekki fengið formlega viðurkenningu stjórnvalda fyrr en á allra síðustu árum sem hluti af heildarskólakerfi. Breyttir þjóðfélagshættir, og þá einkum vaxandi þátttaka kvenna á vinnumarkaði á síðustu áratugum, hefur í æ ríkari mæli kallað á stofnanir sem hafa því mikilvæga hlutverki að gegna að annast ung börn fram að þeim tíma er þau hefja nám í skyldunámsskólanum. Leikskólar á Íslandi mæta þessari þörf og þeim hafa verið sett skýr markmið sem nánar verður greint frá í þessari skýrslu.

Í 26. grein reglugerðar um starfsemi leikskóla (1995) eru ákvæði þess efnis að menntamálaráðuneytið skuli láta gera úttekt á starfsemi a.m.k. eins leikskóla á ári hverju.

Tilgangur slíkrar úttektar er að:

- tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga og reglugerða og einnig í samræmi við aðalnámskrá leikskóla.
- nýta niðurstöður mats þannig að það geti leitt til aukinnar þekkingar og þróunar á leikskólastarfi.
- hafa niðurstöður mats til hliðsjónar við endurskoðun uppeldisáætlunar/aðalnámskrár leikskóla.

Markmið leikskólastarfs eru vel skilgreind í lögum um leikskóla (1994) og nýrri aðalnámskrá fyrir leikskóla (1999) sem er stefnumótandi yfirlýsing um uppeldisstörf í leikskólum. Þar koma fram gagnlegar upplýsingar fyrir foreldra og viðmiðanir sem þeir geta notað þegar þeir fylgjast með starfinu og árangri þess.

Í lögum og aðalnámskrá eru þannig sett fram yfirmarkmið leikskólastarfsins. Skal samkvæmt þeim stefnt að því í leikskólastarfi að veita leikskólabörnum umönnun, hollt uppeldisumhverfi, örugg leikskilyrði og tækifæri til leiks. Auk þess ber leikskólum að efla hina ýmsu þætti sem þroski barna byggist á, að efla kristilegt siðgæði og leggja grundvöllinn að því að börnin verði sjálfstæðir, hugsandi,

virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi. Leikskólum ber að styrkja tjáningargetu barnanna og veita þeim útrás fyrir skapandi eiginleika. Leikskólum ber að hlúa að og styrkja sjálfsmynd barnanna, veita þeim tilfinningalegt öryggi og skjól og kenna börnunum að leysa mál á friðsamlegan hátt (Aðalnámskrá leikskóla 1999:8 - 10; Lög um leikskóla 1994). Á starfsfólki leikskóla og þeim er bera ábyrgð á rekstri þeirra hvílir því mikil ábyrgð.

En skilyrði leikskóla til að ná settum markmiðum skv. aðalnámskrá eru ekki hin sömu hvar á landinu sem leikskólar starfa þótt markmið starfsins séu hin sömu. Við mat á starfsemi leikskóla verður að hafa mismunandi forsendur og skilyrði í huga.

Í bréfi frá menntamálaráðuneytinu dags. 5. nóvember 1999 kemur fram beiðni um að höfundur þessarar skýrslu annist úttekt á leikskólanum Lækjarbrekku, Hólmavík. Í samtali við starfsmann ráðuneytis var bent á tvær leikskólaúttektir sem hefðu verið gerðar. Í hinni fyrri kemur fram að formið sé hugsað sem fyrirmynd af slíkum úttektum (Kristín Karlsdóttir 1998). Við gerð áætlunar um framkvæmd matsins eða úttektarinnar var það form haft í huga, en þar sem höfundur voru gefnar frjálssar hendur um form matsins voru farnar aðrar leiðir og þá hugað að sérstöðu leikskólans Lækjarbrekku, m.a. vegna smæðar hans og staðsetningar.

Tvær heimsóknir í leikskólann Lækjarbrekku voru farnar, sú fyrri í nóvember 1999 og sú síðari í janúar 2000. Gagnaöflun hófst með fyrri heimsókninni þann 22. nóvember. Gagnaöflunin fólst einkum í viðtölum, skipulögðum athugunum á starfsemi og ytra umhverfi, í viðhorfakönnun meðal foreldra, í athugunum á skráðum gögnum, skólanámskrá, dagskipulagi o.fl.

Úrvinnsla gagna fór fram í febrúar og mars 2000. Þá var unnið að:

- lýsingu á leikskólanum, heildarskipulagi, aðbúnaði, séreinkennum leikskólans, styrk hans, veikleikum o.fl.
- tillögum og ábendingum um breytingar á starfsháttum.

Matið á leikskólanum Lækjarbrekku er gert af utanaðkomandi aðila og er því um svokallað *ytra mat* að ræða. Niðurstöður byggjast þó að hluta til á því er mætti kalla *innra mat* starfsmanna Lækjarbrekku sem kom m.a. fram þegar þeir svöruðu krefjandi spurningum um viðhorf sín til starfsins.

Niðurstöður úttektarinnar verða settar fram í þessari skýrslu sem hér segir:

Í 1. kafla skýrslunnar verður gerð grein fyrir ytri ramma leikskólastarfsins á Lækjarbrekku. Þar kemur fram lýsing á staðsetningu, leikskólabyggingunni, útvistarsvæðinu og nánasta umhverfi og í stuttu ágripi af sögu leikskólastarfs á Hólmavík verða þróun leikskólamála í kaптúninu gerð skil.

Greint verður frá starfsmannahaldi, fjölda, menntun o.fl. Sagt verður frá rekstraraðilum og þeim sveitarfélögum sem börnin koma frá. Einnig verður greint frá fjölda leikskólabarna, aldri þeirra, og daglegum dvalartíma. Fram koma upplýsingar um aðstöðu innan dyra sem utan, skipulag og stjórnun starfseminnar. Sagt verður frá búnaði leikskólans, bæði leikbúnaði, öðrum tækjum og áhöldum.

Í 2. kafla verður gerð grein fyrir innra starfi leikskólans Lækjarbrekku. Þar verður sagt frá þeim þáttum leikskólastarfsins sem leikskólastjóri og starfsmenn leikskólans leggja mesta áherslu á, sagt frá dagskipulagi, vettvangsferðum, gerð leikskólanámskrár, samskiptum við foreldra, samskiptum við grunnskólann á staðnum og aðra aðila. Þessara upplýsinga var aflað með viðtölum, með lestri gagna er varða leikskólastarfið sem látin voru í té af Guðríði Guðjónsdóttur, leikskólastjóra.

Í 3. kafla verður greint frá niðurstöðum viðhorfakönnunar sem gerð var í tengslum við úttektina meðal foreldra. Í kaflanum koma fram viðhorf foreldra til leikskólastarfsins bæði ytri skilyrðum og uppeldisstarfinu í heild.

Í 4. kafla verða dregnar saman niðurstöður af athuguninni og er leitast við að

- leggja mat á ytri aðstæður, húsnæði, búnað o.fl.
- meta starfið á leikskólanum Lækjarbrekku nú þegar litið er til markmiða leikskólastarfs eins og þau eru sett fram í lögum og aðalnámskrá leikskóla.
- leggja mat á þætti í innra starfi leikskólans sem lúta ekki beint að markmiðum leikskólastarfsins en koma fram í „starfsanda“, metnaði, vilja og löngun þeirra sem starfa við skólann til að gera starfið framsækið og í samræmi við það sem ströngustu viðmið gera kröfu um.
- benda á nokkur atriði sem æskilegt væri að breyta eða bæta og tengjast skólastarfinu á leikskólanum Lækjarbrekku.

1. Sagt frá ytri ramma starfsins á Lækjarbrekku

Ákvæði í lögum og reglugerðum setja hinn ytri ramma um starfsemi íslenskra leikskóla. Hér er einkum um að ræða lög um leikskóla (nr. 78/1994) og reglugerð um starfsemi leikskóla (nr. 225/1995) sem áður hefur verið minnst á. Í aðalnámskrá leikskóla (1999) er ákvæðum laga og reglugerðar fylgt eftir og þar eru nánari útfærslur starfseminnar settar fram — bæði markmið starfsins og bent á leiðir að settu marki. Uppeldisáætlun fyrir leikskóla (1993) sem gefin var út af menntamálaráðuneytinu má líta á sem fyrsta vísinn að leikskólanámskrá.

1.1 Leikskólastarf á Hólmavík

Á sjötta áratug liðinnar aldar þegar atvinnuhættir tóku að færast í það horf sem nú er algengast og konur tóku í meira mæli að sér störf á hinum almenna vinnumarkaði, kom fram á Hólmavík þörf fyrir öruggt skjól fyrir börn undir skólaskyldualdri. Fyrst var þessari starfsemi einföld í sniðum í formi gæslu á róluvelli. Síðar fluttist hún í húsnæði innan dýra, í kjallara sýslumannshússins, í aðstöðu í sláturhúsinu og loks í kennslustofu í grunnskólanum á Hólmavík. Saga leikskólastarfsins hefur ekki verið skráð, en lifir í huga þeirra sem við þessi störf unnu á árunum áður en núverandi leikskóli flutti í nýbyggt húsnæði árið 1988. Hún verður vonandi sett á blað meðan hún er enn í fersku minni fólks á Hólmavík. Leikskólanum var gefið nafnið Lækjarbrekka fyrir u.þ.b. tveimur árum (Handbók foreldra 1999; Guðríður Guðjónsdóttir 1999).

1.2 Staðsetning, byggingin, útvistarvæðið og umhverfið

Leikskólinn Lækjarbrekka stendur við Brunngötu sem er í „gamla bænum“ á Hólmavík og er þá átt við svæðið ofan til við höfnina og utan við kirkjuna sem stendur í hárrí brekku og gnæfir yfir byggðina. Ofan við leikskólabygginguna er brött brekka upp að efstu húsaröðinni þar sem nýleg hús hafa risið ofan við eldri byggðina. Hún á sér sögu sem fylgir líklega nokkurn veginn öldinni sem nú er nýliðin, bárujárnshús, timburhús og steinhús sem bera aldri sínum nokkurt vitni.

Lóðin í kring um leikskólann mun ekki gefa mikla möguleika á stækkun því leikskólinn er byggður á grunni húss (félagsheimilis) sem aldrei var byggt, en leikskólahúsið nær aðeins yfir hluta grunnsins. Útvistarvæðið er á hinum hluta hans (Guðríður Guðjónsdóttir 1999).

Á lóðinni eru útileiktæki af ýmsu tagi, sandkassar, vegasölt, rólur, rennibraut o.fl. Í snjó er aðstaða til að renna sér niður bratta brekkuna sem myndar háan „vegg“ við eina hlið lóðarinnar.

Bílastæði fyrir starfsmenn og foreldra er eiginlega ekki fyrir hendi heldur er bílum lagt við jaðar götunnar sem er í talsverðum halla.

Leikskólabyggingin er teiknuð eftir raðteikningu sem margir íslenskir leikskólar hafa verið byggðir eftir þótt útfærslur séu mismunandi. Lækjarbrekka mun vera ein minnsta einingin sem byggð hefur verið eftir þessari teikningu og nýtt sem sjálfstæður leikskóli. Húsbyggingin er rúmlega eitt hundrað fermetrar að stærð (105 m²) og var tekin í notkun árið 1988. Í leikskólahúsinu eru tvær leikstofur, hvor um sig um 26 m². Þar er anddyri með fatageymslum fyrir börnin (13, 2 m²) og salernisaðstaða fyrir þau (11-m²). Af þessum fermetrafjölda má ráða að aðstaða til að elda eða útbúa mat fyrir börnin, geymsla og starfsmannaaðstaða er aðeins rúmlega 20 m² [Viðauki IV].

Í fjórða kafla skýrslu þessarar verður fjallað um hvort telja megi að leikskólabyggingin uppfylli þau skilyrði sem sett eru að þessu leyti í reglugerð.

1.3 Rekstur og stjórnun

Hiti og þungi af rekstri Lækjarbrekku hvílir á sveitarfélaginu Hólmavíkurbreppi, en rekstur leikskólans er þó samstarfsverkefni nokkurra sveitarfélaga. Kirkjubólshreppur keypti sig inn í reksturinn og er eignaraðild í samræmi við íbúafjölda. Broddaneshreppur á ekki eignaraðild en hefur þó fengið aðgang fyrir börn úr hreppnum gegn greiðslu. Í Hólmavíkurbreppi er leikskólanefnd starfandi, en dagleg stjórnun er í höndum leikskólastjóra (Þór Örn Jónsson 1999).

1.4 Starfsár leikskólans, dvalargjald og daglegur dvalartími barnanna

Starfsárið miðast við sumarleyfi starfsmanna sem er fimm vikur að sumri, venjulega í júlí og fram í ágúst og er leikskólinn lokaður þann tíma. Starfsár leikskólans er því nokkru lengra en grunnskóla. Tveir skipulags dagar eru á hverju ári og vinna starfsmenn þá að ýmsum verkefnum. Nánar verður greint frá áherslum í starfi hvern mánuð almanaksársins í kaflanum um innra starf leikskólans.

Dvalartími barnanna á Lækjarbrekku er mjög sveigjanlegur. Hægt var að verða við óskum foreldra um sveigjanlegan dvalartíma eftir að börnunum fækkaði í leikskólanum. Áður var þetta ekki mögulegt því húsrými og aðstöðuleysi settu slíku fyrirkomulagi þröngar skorður þótt foreldrar óskuðu eindregið eftir því (Guðríður Guðjónsdóttir 1999).

Eins og áður hefur verið getið er dvalartími barnanna dag hvern mislangur og er því gjaldið sem greitt er fyrir þjónustu leikskólans mishátt eða sem hér segir:

<i>Tímalengd</i>	<i>Gjald kr.</i>
4 tímar	7.200
5 tímar	9.000
6 tímar	10.800
7 tímar	12.600
8 tímar	14.400
9 tímar	16.200

Hádegisverður kostar auk vistunargjaldsins kr. 2.500 á mánuði og morgunverður og nónhressing kr. 1.000 á mánuði. Systkinaafsláttur er veittur og er 50% frá og með öðru barni. Einstæðir foreldrar þurfa aðeins að greiða 1/3 af dvalargjöldum.

1.5 Starfsfólk

Á Lækjarbrekku starfa veturinn 1999 – 2000 fimm starfsmenn – allt konur. Leikskólastjórinn er Guðríður Guðjónsdóttir. Hún er eini starfsmaðurinn sem er leikskólakennari að mennt og hefur starfað sem leikskólastjóri á Hólmavík frá árinu 1991. Vinnutími þessara fimm starfsmanna er sem hér segir:

<i>Starfsmenn:</i>	<i>Daglegur/vikulegur vinnutími:</i>
Starfsmaður A	8:30 - 12:30 4 daga vinnuvikunnar 8:00 - 16:00 einn dag
Starfsmaður B	8:00 - 16:00 4 daga vikunnar
Starfsmaður C	8:00 - 13:00 alla 5 daga vinnuvikunnar
Starfsmaður D	8:00 - 17:00 2 daga aðra hvora viku 8:00 - 17:00 3 daga hina vikuna
Starfsmaður E /Leikskólastjóri	8:00 - 17:00 2 daga aðra hvora viku 8:00 - 17:00 3 daga hina vikuna

1.6 Börnin

Veturinn 1999 – 2000 eru á Lækjarbrekku 23 börn sem jafngilda 26 „barngildum.“ Flest eru þau búsett í Hólmavíkurbreppi en nokkur koma frá aðliggjandi sveitahreppum.

Aldursskipting barnanna er sem hér segir:

Börn fædd á árinu 1997 samtals 5

Börn fædd á árinu 1996 samtals 3

Börn fædd á árinu 1995 samtals 5

Börn fædd á árinu 1994 samtals 10

Öll búa börnin hjá báðum foreldrum sínum og í leikskólanum eru þrenn systkinapör.

1.7 Aðstaða og skipulag

Þörf ungra barna fyrir sterkan ramma eða skipulag í hinu ytra umhverfi var uppeldisfrömuðinum Maríu Montessori umhugsunarefni eins og raunar flest er snertir hina viðkvæmu barnssál og leiðir til að ná í skipulegu uppeldisstarfi hámarksþroska hvers einstaks barns. Hún taldi að þar sem umhverfi væri vel skipulagt og virðing væri borin fyrir samræmi og reglu þrifust börnin betur en í umhverfi þar sem óreiða og skipulagsleysi væri ríkjandi (Montessori 1966:49-59).

Eins og fram hefur komið er leiksvæði barnanna í Lækjarbrekku innan dyra í tveimur herbergjum sem eru nokkurn veginn jafn stór. Yfir þessum herbergjum er að hluta til lítið „loftherbergi“ og gengið upp í það úr stiga í fremra herberginu. Loftið er hugsað sem leikaðstaða og þar er eini staðurinn þar sem mögulegt er að skapa „þrönga“ en notalega aðstöðu sem t.d. hentar vel þegar verið er að segja sögu eða koma öðru efni sem kallar á nálægð við börnin á framfæri. Í innra herberginu eru geymdar dýnur sem börnin geta lagt sig á og hvílst. Dýnunum er staflað upp að loknum hvíldartíma. Í báðum leik- og kennslustofunum eru skápar þar sem leikáhöld og efni eru geymd og eru herbergin búin húsgögnum við hæfi barnanna.

1. 8 Deildaskipting og dagskipulag

Ekki er um beina deildaskiptingu að ræða á Lækjarbrekku nú, en boðið hefur verið upp á sveigjanlegan vistunartíma frá því í byrjun ársins 1999 eins og áður segir. Fyrir þann tíma voru árdegis og síðdegisdeildir starfandi.

Á leikskólanum Lækjarbrekku hefur ákveðið dagskipulag mótað rammann um starfið með börnunum. Af gögnum að dæma hefur slíkt fast dagskipulag verið kynnt foreldrum a.m.k. frá árinu 1991 (Leikskólatíðindi 1991 - 1996).

Greint er frá dagskipulaginu í *Handbók foreldra* (1999) og er það sem hér segir:

<i>Tími</i>	<i>Viðfangsefni</i>
7:45-8:30	Lækjarbrekka opnar. Róleg stund
8:30-9:00	Morgunmatur
9:00 - 9:30	Samverustund (allur hópurinn)
9:30-10:30	Vinnustund (aldursskipting)
10:30-11:30	Leiktími (skipulagður eða frjáls)
11:30-12:00	Hádegismatur
12:00-13:00	Hvíld (yngstu börnin sofa; þau eldri hlusta á sögu eða söng)
13:00-14:00	Leiktími (frjáls leikur inni eða úti eftir aðstæðum)
14:00-15:00	Vinnustund (allur hópurinn saman)
15:00 - 15:30	Nónhressing
15:30 - 17:00	Leiktími (frjáls)
17:00 - 17.15	Lækjarbrekka lokar

Börnin fá morgunmat og mat í hádeginu og er þar aðallega um að ræða léttu máltíð, s.s. skyr, brauð með áleggi, ávexti en stundum er heitur matur fram borinn. Um eftirmiðdaginn er börnunum boðið upp á svokallaða nónhressingu.

1.9 Leikföng, áhöld og tæki

Alls konar áhöld og tæki, þ. á m. kubbar og annað efni til byggingaleikja, ýmis smááhöld og tæki sem nýtast í leikskólastarfinu eru til staðar í leikherbergjunum og gengið frá þeim á sérmerktum stöðum í skápum og hirslum.

Þar er líka efniviður til skapandi starfa af ýmsu tagi og sömuleiðis búnaður til þykjustu- og hlutverkaleikja. Ein tölva er til. Hún var keypt í janúar en hefur ekki verið tekin í notkun nú í apríl þar sem ekki er búið að ganga frá tengingu hennar. Ljósriti er ekki til á Lækjarbrekku. Foreldrafélag leikskólans hefur styrkt skólann með ýmsum hætti og er til listi yfir það sem félagið hefur gefið til leikskólans.

.....

Hér hefur nú verið greint frá ýmsum atriðum er saman mynda hinn *ytri ramma* um uppeldis- og umönnunarstarfið á Lækjarbrekku. Mati á þessum þáttum verða gerð skil í 4. kafla skýrslunnar.

Í næsta kafla verður fjallað um *innra starf* leikskólans eins og frá því er greint í *Handbók foreldra*, í viðtölum við leikskólastjóra, í viðtölum við starfsmenn leikskólans, í gögnum um starfsemi leikskólans og eins og það kom höfundu skýrslunnar fyrir sjónir í heimsóknnum á Lækjarbrekku í nóvember 1999 og janúar 2000.

2. Sagt frá innra starfi í leikskólanum Lækjarbrekku

Í leikskólum landsins fer fram fjölbreytt starfsemi sem unnt er að greina sundur í aðskilda þætti eftir eðli þeirra. Með orðunum „innra starf“ er hér átt við inntak starfsins, áherslur, fjölbreytta reynslu sem talin er örva þroska barnanna, skapandi störf, tjáningar- og skyn-hreyfipjáfún, skipulegan eða frjálsan leik einstakra barna eða hópleiki. Undir hið innra starf fellur einnig viðleitni leikskólans til að skapa gott samstarf við aðra aðila er vinna að uppeldis- og fræðslustarfi, við foreldrana sem nýta sér þjónustu leikskólans og viðleitni skólans til að búa starfsmenn sem best undir ábyrgðarmikið og krefjandi starf. Góð skipulagning allrar starfseminnar er ein meginforsenda þess að innra starf leikskóla nái að blómstra. Starfsmenn sem eru vanda þessa mikilvæga starfs vaxnir eru ekki síður mikilvægur þáttur í velheppnuðu uppeldisstarfi leikskóla.

Yfirvöld menntamála hafa sett innra starfi leikskóla leiðsögn sem bar til skamms tíma heitið „Uppeldisáætlun“ en heitir nú „Aðalnámskrá leikskóla“ eins og fram hefur komið. Er þar tekið mið af ýmsum kenningum og niðurstöðum rannsókna er varða þroska, nám og kennslu ungra barna. Á undanförunum áratugum hafa rannsóknir beinst að því að hvaða leyti leikskólavistun hafi áhrif á börn og hafa margar rannsóknir beinst að samanburði á börnum sem dvelja á leikskólum og börnum sem eru allan daginn heima hjá sér. Svo virðist sem það séu fyrst og fremst gæði umönnunarinnar sem skipta sköpum og einnig stöðugleiki í starfsmannahaldi:

Börn sem dvelja í góðri dagvistun hæfilegan tíma á dag hafa gjarnan meiri vit- og félagsþroska og eru betur máli farin en hin sem eingöngu alast upp heima. Séu hins vegar mannaskipti tíð á barnaheimilinu, hátt hlutfall barna miðað við fóstrur eða barnið á hrakhólum milli margra staða og uppalenda, verða áhrif dagvistunar neikvæð.

(Hrafnhildur Ragnarsdóttir 1993: 23)

2.1 Skólanámskrá

Á sama hátt og lög um leikskóla og reglugerð um starfsemi leikskóla setja starfinu hinn ytri ramma er það Aðalnámskrá leikskóla sem er umgjörð um hið innra starf — um viðfangsefnin sem börnin glíma við, hvort sem þau snúa að því að tileinka sér færni við sjálfshjálp af ýmsu tagi, góðar venjur í samskiptum við önnur börn og fullorðið fólk, tileinka sér þekkingu af ýmsu tagi um umhverfi sitt og

fyrirbæri fjær og nær eða auka færni við hina ýmsu verkþætti sem eru undirbúningur undir átök við önnur stærri og flóknari verkefni síðar.

Mikilvægasta tækið sem leikskólinn hefur yfir að ráða til að byggja upp innra starf er því aðalnámskráin og er ætlast til þess að hún sé grunnurinn sem svokölluð skólanámskrá er byggð á. Skólanámskráin er nánari yfirlýsing leikskólans um starfið. Í henni er tekið mið af markmiðum aðalnámskrár fyrir leikskóla, en leiðirnar til að ná markmiðunum afmarkaðar og rökstuddar. Þar hefur hver leikskóli nokkurt val. Skólanámskrá tekur ævinlega mið af umhverfi og öðru því sem skapar hverjum leikskóla sérstöðu (Aðalnámskrá leikskóla 1999:35).

Í Lækjarbrekku er verið að vinna að gerð skólanámskrár. Var ákveðið að skipta námskránni í tvo aðskilda hluta og hefur annar þeirra verið saminn og sendur til allra foreldra sem eiga börn á Lækjarbrekku. Þetta er tíu blaðsíðna rit sem kallast *Handbók foreldra* (1999).

Í þessum fyrri hluta skólanámskrárinnar sem út er kominn er fjallað um eftirfarandi atriði sem aðalnámskráin gerir ráð fyrir að séu gerð skil í skólanámskrá:

Komu- og brottfaratíma barnanna, leyfisdaga starfsmanna, vinnutími starfsmanna, matar- og kaffitíma, vaktaskipulag, staðsetningu, staðhætti o.fl. Einnig er fjallað um húsakynni, útivistarsvæði, aðbúnað, fjölda, menntun, reynslu og hæfileika starfsmanna. Dagskipulag leikskólans kemur þar fram, en í því er gerð grein fyrir matartíma, hreinlætisþjálfun, hvíldartíma, frjálsa- og skipulagða leiktíma inni og úti, hópverkefni, einstaklingsverkefni o.fl. (Handbók foreldra 1999).

Allir foreldrar sem eiga börn á Lækjarbrekku fengu handbókina senda í vetur og hafa því haft aðgengilegar upplýsingar um þá þætti sem þar eru til umfjöllunar.

2.2 Hugmyndafræðilegur grunnur og stefna leikskólans

Skólanámskrá leikskólans á ekki aðeins að vera upplýsingarit fyrir foreldra um hagnýt atriði og ytri ramma skólastarfsins heldur á hún að vera hugmyndafræðilegur grundvöllur og stefnumótandi leiðarvísir að uppeldisstarfi í leikskólanum og á að stuðla að skilvirkara starfi þar. Skólanámskráin á líka að byggjast á starfsmannastefnu leikskólans, skipuriti leikskólans og stjórnunarháttum. Skólanámskrá á ennfremur að taka mið af einstaklingsnámskrá, deildarnámskrá og þemanámskrá leikskólans. Sérstaða leikskólans og sérstakar áherslur þurfa að koma fram í skólanámskránni (Aðalnámskrá leikskóla 1999:36).

Til þess að geta samið skólanámskrá þurfa þeir sem bera ábyrgð á starfsemi leikskólans að hafa mótað stefnu í málum er varða starfsemina.

Umræður meðal starfsmanna Lækjarbrekku um uppeldisstarfið eru fremur almenns eðlis og á fremur óformlegum nótum enn sem komið er og ekki hafin sú vinna sem telja má nauðsynlegan undanfara síðari hluta skólanámskrárinnar. Starfsmenn leikskólans hafa ekki, að leikskólastjóra undanskildum, faglega menntun og eru því ekki vanir umræðu um mál er varða uppeldiskenningar eða hinn hugmyndafræðilega grunn uppeldisstarfs á leikskólum. Þeir búa hins vegar yfir mikilli og góðri reynslu af uppeldisstarfi í leikskóla.

Spurningum sem beint var til starfsmanna um hvaða uppeldiskenningar væru einkum lagðar til grundvallar í leikskólastarfinu var ekki svarað á þann hátt að unnt sé að tilgreina eina kenningu umfram aðra, en almennar starfskenningar um hollar uppeldisaðferðir og kristilegt siðgæði eru lagðar til grundvallar í starfinu, eins og t.d. kemur fram í viðtali við leikskólastjóra:

Lögð er áhersla á að börnin læri ljóð. Þau læra m.a. langar þulur.

Lögð er áhersla á að farið sé með bænir. Á hverjum degi er bænastund.

Lögð er áhersla á að börnin læri að fara eftir reglum, m.a. að því er lýtur að öryggi þeirra inni og úti.

Lögð er áhersla á að starfsmenn láti ekki sín eigin börn trufla sig að óþörfu meðan þeir eru við störf í leikskólanum (Guðríður Guðjónsdóttir 1999).

Trúnaður við börnin og foreldra þeirra er tryggður með því að starfsmenn undirrita heiti um trúnað og þagmælsku um mál sem þeir kunna að vera áskynja í starfi í leikskólanum Lækjarbrekku. Þar er leitast við að vinna í samræmi við almennt viðurkennt viðhorf til uppeldisstarfs eða í líkingu við það sem fram kemur hjá Sigurði J. Grétarsyni og Sigrúnu Aðalbjarnardóttur (1993) sem telja að það sem hafa ber að aðalmarkmið í uppeldismálum sé:

að ala upp ábyrg og glöð börn, það er að segja börn sem bera ábyrgð á eigin hegðun, finna til með öðrum og geta glaðst og deilt gleði sinni með öðrum. Ábyrgð og gleði fara saman og eru jafnmikilvæg, annað er vafasamur ávinningur án hins (bls. 87).

Á Lækjarbrekku skipar leikur barnanna eins og í öðrum leikskólum háan sess. Viðurkennt er að í leikskóla öðlast barn dýrmæta reynslu og leikurinn getur verið farvegur fyrir tilfinningar og um leið þróun félagslegrar samskiptahæfni barns. Að auki leysast gjarnan úr læðingi í velheppnuðum leikjum mikilvægir skapandi kraftar (Winnicott 1964:144-145).

2.3 Foreldrasamstarf

Foreldrafélag hefur verið starfandi við leikskólann Lækjarbrekku frá stofnun hans og hefur það unnið að ýmsum verkefnum, m.a. að fara í vettvangsferðir með börnin þar sem fræðsla og kynni barnanna af

ýmsu áhugaverðu í umhverfinu hefur verið haft að leiðarljósi. Foreldrafélagið hefur einnig boðið upp á leiksýningu við þeirra hæfi o.fl.

Viðhorf foreldra til leikskólans og starfsins þar hafa breyst að því leyti að nú er mun meiri skilningur á mikilvægi uppeldishlutverks leikskólans en þegar núverandi leikskólastjóri hóf störf. Áður mun hafa verið litið á leikskólann fyrst og fremst sem gæslustað (Guðríður Guðjónsdóttir 1999).

Spurningum sem lagðar voru fyrir foreldra barnanna á Lækjarbrekku varðandi þessi atriði og mati foreldra á fullyrðingum sem settar voru fram um leikskólastarfið og aðstöðuna, verða gerð skil í næsta kafla.

2. 4 Samskipti við aðra leikskóla

Starfsmenn við Lækjarbrekku hafa átt þess kost að fara í heimsóknir á aðra leikskóla og sótt námskeið fyrir leikskólakennara og starfsmenn leikskóla með starfsmönnum annarra leikskóla. Þar sem enginn leikskóli er starfandi í grennd við Hólmavík er því ekki um gagnkvæmar heimsóknir barnanna að ræða í aðra leikskóla.

Leikskólinn Lækjarbrekka hefur hins vegar á undanförunum árum tengst leikskólastarfi í Hole í Noregi og hafa þessi kynni verið mjög gefandi fyrir starfið. Upphafið má rekja til þess að nokkrar konur frá Hólmavík fóru að vorlagi á vinabæjarmót í Hole. Þær tóku með sér gjöf frá Hólmavík sem hafði verið „unnin“ þannig að steinar voru þvegnir og litaðir og þannig gerðir að „tröllum“. Síðan var notaður rekaviður af Ströndum til að búa til umhverfi ásamt mosa. Þessi gjöf féll í góðan jarðveg og komu norskar konur með jólatré til baka í handfarangri sínum handa leikskólabörnunum er þær endurguldu heimsóknina í desembermánuði. Það var ekki hvað síst vitneskjan um mikinn áhuga norsku kvennanna á nánari kynnum af starfi með börn á Hólmavík sem var ánægjulegust við ferðina til Noregs að mati leikskólastjóra. Í kjölfarið hafa íbúar Hólmavíkur tvívegis tekið á móti góðum gestum frá Noregi sem sótt hafa leikskólann heim (Guðríður Guðjónsdóttir 1999).

2. 5 Samskipti við grunnskólann

Nauðsynlegt er talið að leikskólar og grunnskólar marki stefnu um tengsl milli þessarar tveggja fyrstu skólastiga íslenska skólakerfisins þótt það fari eftir aðstæðum í hverju sveitarfélagi (Brúum bilið 1997:8).

Elstu börnin á Lækjarbrekku fara á vori hverju í heimsókn í grunnskólann á Hólmavík og dvelja þar í 3 til 5 daga. Að hausti koma nemendur í 1. — 2. bekk grunnskólans í heimsókn í gamla leikskólann sinn. Leikskólinn hefur fengið að láni hjá grunnskólanum ýmis tæki, svo sem sjónvarp og myndbandstæki, en einnig pappír og föndurvörur ef svo ber undir. Ljósritun fyrir leikskólann fer að mestu fram í grunnskólanum. Allt prentað efni er einnig unnið að langmestu leyti í grunnskólanum.

Leikskólastjórinn á Lækjarbrekku hefur átt fundi með umsjónarkennara 1. bekkjar í grunnskólanum til þess að skilgreina hvaða þætti væri æskilegt að börnin hefðu tileinkað sér í leikskóla áður en þau byrja í grunnskólanum. Foreldrafélög leikskólans og grunnskólans hafa sameinast um að standa árlega fyrir því að fá á staðinn leiksýningu fyrir börn sem börn úr báðum skólastigunum sækja.

3. Viðhorf foreldra til leikskólastarfsins: Könnun

Í reglugerð um starfsemi leikskóla (1995) segir í 26. grein sem fjallar um mat á leikskólum: „Við mat á leikskólum skal m.a. kanna viðhorf foreldra til starfsemi leikskólans.”

3.1 Framkvæmd

Spurningalisti með 31 spurningu/fullyrðingu var lagður fyrir 40 einstaklinga sem allir voru foreldrar barna á Lækjarbrekku þannig að tveir ónúmeraðir spurningalistar voru lagðir í umslag sem merkt var báðum foreldrum barns sem var innritað í leikskólann Lækjarbrekku. Þar sem í leikskólanum eru þrenn systkinapör í hópi 23 barna var um að ræða 20 foreldra eða 40 einstaklinga. Með spurningalistanum fylgdi bréf til foreldra [Viðauki II].

Á spurningalistanum [Viðauki V] voru 8 spurningar og 23 fullyrðingar sem svarendur voru beðnir um að taka afstöðu til. Fjórar spurninganna (nr. 1–4) voru til upplýsingar um bakgrunn þeirra sem svöruðu og barna þeirra en fjórar þær síðustu (nr. 28–31) voru „opnar“ spurningar sem þátttakendur gátu valið að svara, t.d. ef þeir hefðu hug á að gera nánari grein fyrir afstöðu sinni en fullyrðingarnar gáfu færi á.

Alls bárust svör frá 20 einstaklingum. Ekki er unnt að komast að því hvort hér sé um að ræða svör frá þeim 20 heimilum sem að baki leikskólabarnanna standa, eða hvort foreldrar einhverra barnanna hafa ekki svarað en á hinn bóginn báðir foreldrar sumra barnanna. Hvort heldur sem er ættu svörin að gefa nokkra mynd af því hvert viðhorf foreldra barnanna á Lækjarbrekku er til starfsins sem þar fer fram.

3.2 Niðurstöður viðhorfakönnunar

Hér verður nú greint frá því sem fram kom þegar svör við spurningum og afstaða foreldra til fullyrðinga í viðhorfakönnuninni voru athuguð. Í viðauka V er birtur spurningalisti og í viðauka VI tíðnitöflur.

1. Hver svarar könnuninni?

Svör foreldra gefa til kynna að tólf mæður og átta feður hafi svarað spurningunum. Þar með er ljóst að svör komu frá a.m.k. 60% heimilanna, en gera má ráð fyrir að svör komi frá herra hlutfalli, þ.e. að feðurnir sem svöruðu hafi ekki allir verið feður sömu barna og áttu mæður sem svöruðu.

2. Hversu lengi hefur barnið verið í leikskólanum?

Svörin gefa til kynna að börn átta foreldra hafa verið tvö ár eða lengur á Lækjarbrekku. Börn tíu svarenda hafa verið þar í eitt til tvö ár, en tveir foreldrar áttu börn sem höfðu aðeins verið hálf til eitt ár.

3. Hversu vel er þér kunnugt um efni nýrrar aðalnámskrár leikskóla?

Um það bil helmingur svarenda telur sig vera sæmilega, nokkuð vel eða mjög vel kunnugt um efni Aðalnámskrár leikskóla, en hinn helmingur svarenda telur sig hafa litla eða enga þekkingu á efni hennar.

Þar sem ekki er langur tími liðinn frá því að Aðalnámskrá leikskóla var birt er ekki að undra þótt efni hennar sé foreldrum ekki kunnugt nema að takmörkuðu leyti.

4. Hversu vel er þér kunnugt um stefnu leikskólans Lækjarbrekku og sérstakar áherslur í starfinu þar sbr. Handbók leikskólans?

Flestir foreldranna sem svöruðu (17) eru kunnugir efni Handbókar. Aðeins þrír telja sig hafa aðeins að litlu leyti innsýn í efni hennar.

Það kemur ekki á óvart að foreldrar þekki mun betur efni Handbókarinnar en Aðalnámskrárinnar.

Foreldrar voru í framhaldi af spurningunum hér að framan beðnir um að taka afstöðu til nokkurra fullyrðinga (nr. 5 - 27) með því að merkja við viðeigandi reiti.

1 sammála ; 2 frekar sammála; 3 hlutlaus; 4 frekar ósammála; 5 ósammála.

5. Ég fékk nægilegar upplýsingar um leikskólann í upphafi.

Rúmlega helmingur svarenda (11) telur sig hafa fengið nægilegar upplýsingar um leikskólann við upphaf leikskóladvalar barnsins þeirra, en aðrir (9) eru hlutlausir eða geta ekki tekið undir fullyrðinguna.

6. Þegar ég lít til baka, þá tel ég að aðlögunartími barnsins míns hafi verið nægjanlega langur.

Allir foreldrarnir sem svöruðu utan eins telja að aðlögunartíminn sé nægilega langur eða taka ekki afstöðu (19). Aðeins eitt foreldri er á öðru máli.

7. Mér finnst vel tekið á móti barninu mínu þegar við komum í leikskólann.

Hér eru svo til allir jákvæðir í afstöðu sinni til fullyrðingarinnar (17) eða hlutlausir (2). Aðeins eitt foreldri telur að móttökurnar hefðu mátt vera betri.

8. Mér finnst að starfsfólk leikskólans geri sér góða grein fyrir persónulegum sérkennum leikskólabarnanna — bæði sterkum og veikum hliðum.

Þrettán foreldrar eru sammála eða frekar sammála fullyrðingunni og sjö kjósa að taka ekki afstöðu. Enginn svarenda telur að starfsmenn geri sér ekki grein fyrir sterkum og veikum hliðum hjá börnunum. Hér virðast foreldrar eiga nokkuð erfitt með að gera upp við sig hvaða afstöðu þeir geti tekið til hennar.

9. Ég tel að starfsfólk leikskólans hafi kunnáttu og hæfni til að sinna vel sínu starfi.

Svo til allir sem svara eða átján af tuttugu eru sammála fullyrðingunni eða frekar sammála henni. Tveir eru hlutlausir en enginn er ósammála. Foreldrar efast því greinilega ekki um kunnáttu og hæfni starfsmannanna á Lækjarbrekku.

10. Mér finnst starfsfólk leikskólans bera umhyggju fyrir börnunum og miða störf sín við þarfir þeirra.

Engir foreldrar sem svara efast um að börnunum á Lækjarbrekku sé ekki sýnd nægileg umhyggja. Þetta er svo til einróma dómur foreldranna sem svara (19). Einn svarenda er hlutlaus í afstöðu sinni.

11. Mér finnst þægilegt og auðvelt að tala við starfsfólk leikskólans.

Langflestir (18) telja að þægilegt og auðvelt sé að tala við starfsfólkið á Lækjarbrekku. Tveir foreldrar eru annað hvort hlutlausir (1) eða ósammála þessari fullyrðingu (1).

12. Mér finnst auðvelt að taka upp mál sem ég er óánægð(ur) með við starfsfólk leikskólans.

Hér kemur fram að meiri hluta svarenda (16) þykir auðvelt að taka upp mál við starfsfólk leikskólans eða taka ekki afstöðu til fullyrðingarinnar. Fjórum svarendum þykir þó ekki auðvelt að ræða slík mál.

13. Mér finnst auðvelt að taka upp mál sem ég er óánægð(ur) með við leikskólastjóran.

Hér kemur fram að þeir sem eru sammála fullyrðingunni eða taka ekki afstöðu eru sextán. Fjórum finnst ekki auðvelt að ræða mál við leikskólastjóra.

14. Ég er mjög ánægð(ur) með upplýsingagjöf leikskólans um atriði sem snerta barnið mitt.

Átján svarendur eru annað hvort hlutlausir eða sammála fullyrðingunni en tveir eru ósammála henni.

15. Ég tel að starfsfólk fari eftir óskum mínum um klæðaburð, svefn og matarræði barnsins míns.

Það er samdóma álit foreldra að þessir þættir séu í góðu lagi (19). Einn svarenda tekur ekki afstöðu.

16. Mér finnst barnið mitt eiga ánægjuleg samskipti við starfsfólk leikskólans og að því líði vel í leikskólanum.

Sammála fullyrðingunni voru sextán, frekar sammála voru tveir. Tveir tóku ekki afstöðu.

Foreldrar telja sig greinilega eiga ánægjuleg samskipti við starfsfólk og að börnunum þeirra líði vel í leikskólanum

17. Ég tel að leikskóladvölin sé þroskandi og lærdómsrík fyrir barnið.

Allir (20) eru sammála (19) eða hlutlausir (1) varðandi það mikilvæga atriði að leikskóladvölin sé þroskandi og lærdómsrík fyrir börnin.

Hjá foreldrum sem svara kemur hér fram mjög jákvætt viðhorf til starfsins á Lækjarbrekku.

18. Mér finnst að leikskólinn sinni leikþörf barnsins míns á fullnægjandi hátt.

Engir þeirra sem svara eru ósammála þessari fullyrðingu heldur telja að leikskólinn sinni á fullnægjandi hátt leikþörf barnanna. Sammála voru ellefu. Frekar sammála átta og einn svarenda tók ekki afstöðu.

Viðbrögð við þessari fullyrðingu eru því mjög jákvæð.

19. Mér finnst að á Lækjarbrekku sé börnunum séð fyrir eðlilegum hvíldartíma.

Sammála fullyrðingunni voru fimmtán, frekar sammála voru þrír, en tveir voru hlutlausir í afstöðu sinni. Svörin endurspeгла svo til einróma álit foreldra sem þátt tóku í könnuninni á þá leið að hvíldartími barnanna sé hæfilegur.

20. Mér finnst að leikskólinn veiti barninu mínu hreinlætisþjálfun sem hæfir aldri þess og þroska.

Foreldrar eru flestir sammála (10) eða frekar sammála (6) fullyrðingunni og telja því að hreinlætisþjálfunin hæfi aldri og þroska. Fjórir taka ekki afstöðu.

21. Mér finnst að leikskólinn verji hæfilega löngum tíma til hópverkefna annars vegar og einstaklingsverkefna hins vegar.

Helmingur svarenda er sammála eða frekar sammála fullyrðingunni (10) en helmingur (10) tekur ekki afstöðu. Hér eru foreldrar dálítið hikandi við að taka afstöðu enda telja þeir e.t.v. erfitt að gera sér grein fyrir hvað teljist hæfilegur tími til hópverkefna eða annarra verkefna eða vita ekki hvernig tímanum er skipt milli þessara þátta.

22. Ég er ánægð(ur) með húsnæði leikskólans.

Hér skipa foreldrarnir sér í tvo flokka. Annars vegar eru þeir sem telja húsnæðið ekki fullnægjandi (10) og hins vegar þeir sem telja að svo sé (7) eða taka ekki beina afstöðu (3).

23. Mér finnst útvistarsvæði leikskólans vel skipulagt og gott leiksvæði.

Tæplega helmingur tekur ekki afstöðu (8). Enginn er algjörlega sammála fullyrðingunni. Sjö eru frekar sammála henni. Fimm eru frekar ósammála (4) eða ósammála (1) og telja þannig að leiksvæðið sé ekki gott leiksvæði. Óánægjan er þó greinilega ekki eins mikil með útileiksvæðið og með húsnæðið meðal foreldranna sem tóku þátt í könnuninni.

24. Mér finnst umhverfi leikskólans öruggt fyrir barnið mitt.

Öryggið er að mati flestra foreldra í góðu lagi. Aðeins tveir foreldrar virðast hafa einhverjar áhyggjur af því. Sammála eru sex, frekar sammála eru átta. Fjórir eru hlutlausir og tveir frekar ósammála fullyrðingunni.

25. Mér finnst leikskólinn vel búinn að leikföngum, tækjum og áhöldum og öðru sem nýtist í starfinu með börnunum.

Flestir telja að leikskólinn sé vel eða sæmilega búinn tækjum og áhöldum(14). Aðeins tveir telja að svo sé ekki, en fjórir taka ekki afstöðu.

26. Barnið mitt lætur vel af matnum í leikskólanum.

Langflestir (16) telja að maturinn sem börnin fá á Lækjarbrekku sé góður eða börnunum líki hann. Þrír taka ekki afstöðu en eitt foreldri er ekki sammála fullyrðingunni.

27. Ég hef engar áhyggjur af barninu mínu á meðan það er í vettvangsferðum á vegum leikskólans.

Sammála fulllyrðingunni eru fjórtán; frekar sammála eru fimm og einn svarenda er hlutlaus. Hér kemur mjög skýrt fram að foreldrar óttast ekki öryggi barnanna sinna í vettvangsferðum.

28. (Opin sp.) Hvað ert þú ánægðust/ánægðastur með í leikskólanum?

Fimm foreldrar svöruðu þessari opnu spurningu og voru svör þeirra sem hér segir:

„Jákvætt viðmót starfsfólks, umhyggja fyrir börnunum.“

„Barninu líður vel. Starfsfólkið er jákvætt og gott. Gjald fyrir dvöl er frekar lágt.“

„Börnunum mínum líður vel í leikskólanum.“

„Gott starfsfólk sem gerir sitt besta.“

„Að hafa fengið möguleika á heilsdagsvistun.“

29. (Opin sp.) Hvað ert þú óánægðust/óánægðastur með í leikskólanum?

Eftirfarandi átta svör við þessari opnu spurningu nr. 2 komu fram:

„Mættu gjarnan vera formleg foreldraviðtöl - einu sinni í mánuði eða t.d. annan hvorn mánuð.“

„Þrengsli innanhúss. Utanhúss: sandkassi er slysaöldra. Börnin geta notað hann fyrir stiga og dottið á hættulegt grindverk. Stutt og brött brekka á veturna. Útivera mætti samt oft vera meiri.“

„Vantar fleiri leikskólakennara. Húsnæðið er lítið.“

„Aðstöðuleysið!“

„Aðstöðuleysi og þrengsli“

„Ekkert sérstakt!“

„Opnunartími til 16. Matseðill: Karamellubúðingur ætti ekki að vera í leikskóla t.d.“

„Lokun kl. 16. Foreldrafundur er aldrei haldinn. Ég veit ekki hvernig tímanum er skipt t.d. milli einstaklings- og hópverkefna. Föndur mjög lítið annað en að líma á blöð.“

30. (Opin sp.) Hvaða umbætur á leikskólastarfinu í Lækjarbrekku telur þú mikilvægast að verði gerðar?

Við opinni spurningu nr. 3 bárust eftirfarandi fjögur svör:

„Úrbætur á tækjakosti og húsnæði.“

„Útivistarsvæðið, t.d. moldarbrekkan!“

„Stækka húsnæðið - hugsanlega lítinn sal.“

„Aukin fagmenntun starfsmanna.“

31. (Opin sp.) Nefndu atriði sem þú telur að geti haft jákvæð eða neikvæð áhrif á þróun leikskólastarfsins í nánustu framtíð.

Fjórir foreldra notuðu tækifærið sem hér gafst til að koma á framfæri hugmyndum er gætu haft jákvæð eða neikvæð áhrif á leikskólastarfsemina að þeirra mati:

„Jákvætt: Fleiri leikskólakennarar. Neikvætt: Fólksfækkun á staðnum.“

„Jákvætt: Fá fleiri fagmenntaða starfsmenn og úrbætur á aðstöðu og tækjakosti. Neikvætt: Fækkun barna.“

„Jákvætt: Að starfsfólk haldi áfram góðu starfi eins og hingað til.“

„Ef fengist meira af fagmenntuðu starfsfólki, stærra húsnæði og þægilegri lóð myndi það örugglega hafa jákvæð áhrif á starfið í leikskólanum.“

Í heild má segja að niðurstöður þessarar viðhorfakönnunar meðal foreldra barnanna á Lækjarbrekku gefi til kynna að foreldrar séu almennt mjög ánægðir með starfsemina sem sem fram fer í leikskólanum. Flestir foreldrar gera sér ljóst að starfsmenn búa ekki við kjöraðstæður hvað starfsaðstæður varðar og að leiksvæðið í kring um leikskólann er annmörkum háð. Foreldrar óska eftir því að fleiri starfsmenn með leikskólakennaramenntun komi til starfa eins og eðlilegt er.

4. Niðurstöður athugunar / Mat

Mat á leikskólastarfi fellur að flestu leyti undir mat á skólastarfi eins og það hefur verið skilgreint á undanförunum áratugum, en það hefur þróast út frá þeirri sannfæringu fræðimanna og skólayfirvalda að mat á starfsemi slíkra stofnana sé liður í að tryggja árangursríkara starf, veiti starfsmönnum og þeim sem bera ábyrgð á starfseminni aðhald og betri innsýn í þætti sem betur mega fara.

Við mat á starfi leikskóla er þó ekki unnt að nota sem viðmiðun mælanlegan árangur barnanna eins og gert er t.d. við mat á starfi grunnskóla. Þar hafa mælingar á námslegum framförum og árangri einstakra nemenda löngum verið einn þáttur mats á gæðum skólastarfs. Uppeldisstarfið í leikskólum er að nokkru leyti annars eðlis og mikilvægt að virtar séu ábendingar og reglur um innra starf og ytri skilyrði sem sett hafa verið.

Í þessum kafla verður fjallað um ýmsa þætti starfseminnar í ljósi þeirra viðmiðana sem yfirvöld menntamála hafa sett. Leitast verður við að leggja mat á stöðu leikskólans Lækjarbrekku hvað þessi ákvæði áhrærir.

4.1 Mat á ytri aðstæðum

Leikskólastarf virðist hafa þróast með svipuðum hætti á Hólmavík og í þéttbýliskjörnum allt í kring um landið. Það byrjar sem þjónusta við mæður sem vinna utan heimilis í formi gæslu fáeinna klukkustundir á dag en þróast yfir í formlega starfsemi sem rekin er af sveitarfélaginu og litið á sem sjálfsagða þjónustu við íbúana.

Húsnæði, búnaður o.fl.

Í lögum um leikskóla (1994) segir í 2. grein, að búa skuli börnum í leikskóla hollt uppeldisumhverfi og örugg leikskilyrði. Í reglugerð um starfsemi leikskóla (1995) segir í 2. gr. að húsnæði leikskóla skuli miða við 7,0 m² brúttó fyrir hvert barn samtímis í leikskóla og þar af verði nettó leik- og kennslurými ekki minna en 3,0 m²

Í 28. grein sömu reglugerðar segir: „Um byggingu leikskóla og öryggi barna í leikskólum, að öðru leyti en reglugerð þessi tiltekur, fer á hverjum tíma eftir gildandi lögum og reglugerðum um m.a. öryggis-, skipulags-, og byggingarmál.“

Eins og fram hefur komið í 1. kafla þessarar skýrslu var byggt sérhannað hús yfir starfsemi leikskólans fyrir rúmlega 10 árum. Þótt börnum hafi fækkað nokkuð á allra síðustu árum er húsrýmið innan dyra undir viðmiðunum miðað við það rými sem reglugerðin gerir ráð fyrir, þ.e.a.s. fermetrafjöldi sem leik- og kennslurými á hvert barn er 52 m². en ætti að vera 69 m². Brúttófermetrafjöldi ætti miðað við barnafjöldann að vera 161 m² en er ekki á Lækjarbrekku nema 105 m².

Að mati starfsmanna er húsnæði leikskólans afar þröngt og starfinu þannig þrengri stakkur sniðinn en æskilegt væri.

Í húsinu er t.d. varla um starfsmannaaðstöðu að ræða, engin skrifstofuaðstaða, engin aðstaða til að taka börn í einstaklingsþjálfun eða prófanir af ýmsu tagi eða aðstaða til að ræða einslega við foreldra um börn þeirra. skortur á nauðsynlegri séraðstöðu gerir starfsmönnum erfitt um vik. herbergið sem nú er nýtt sem eldhús, geymsla, aðstaða til viðtala við foreldra og starfsmannaaðstaða er aðeins 20 m² og gefur ákaflega lítið svigrúm.

„Loftið“ sem er hugsað sem leikaðstaða, er ekki reiknað hér inn í leik- og kennsluaðstöðuna á Lækjarbrekku því það hefur ýmsa augljósa ókosti og er illa nýtanlegt að mati starfsmanna. Þar uppi verður loftlaust og viss hættu er fyrir hendi við að fara upp og niður af loftinu bæði fyrir starfsmenn og börnin. Hvíldaraðstaðan fyrir börnin er ófullnægjandi. Dýnur eru lagðar á gólf annars leikherbergisins og er erfitt að koma dýnum og teppum fyrir þegar ekki er verið að nota þær.

Lóðin í kring um húsið er erfið þar sem húsið er byggt á grunnni stærra húss en leikskólahúsið nær aðeins yfir hluta upprunalega grunnsins. Fram kom í viðtölum við starfsmenn að ýmsum erfiðleikum væri bundið að stækka húsið eða breyta útivistarsvæðinu — ekki væri t.d. hægt að stækka húsið nema þrengja að útileiksvæðinu og ekki hægt að stækka lóðina/leiksvæðið utan dyra vegna þess að götur og aðrar húsalóðir liggja að því á alla vegu.

Rekstur og stjórnun

Lög um leikskóla (1994:9) gera ráð fyrir því að leikskólanefnd, kjörin af sveitarstjórn, fari með málefni leikskóla og er nánar kveðið á um hlutverk hennar í reglugerð um starfsemi leikskóla (1995), m.a að

samin sé árlega skýrsla um starfsemina og send menntamálaráðuneytinu (9. gr.), að uppeldisáætlun (leikskólanámskrá) sé framfylgt í sveitarfélaginu (11. gr.) og að mótuð sé stefna um samstarf foreldra og leikskóla í sveitarfélaginu (12. gr.). Um störf leikskólastjóra segir ennfremur í lögum um leikskóla (1994) í 12. grein: „Leikskólastjóri skal árlega gera rekstraraðila grein fyrir starfsemi leikskóla [og] halda reglulega fundi með starfsfólki um starfsemi leikskólans og velferð hvers barns.”

Eftir því sem næst verður komist hefur hin árlega skýrsla til leikskólanefndar ekki verið send síðustu árin. Leikskólastjóri segist gera sér grein fyrir að gerð ársskýrslu eigi að vera í sínum verkahring en af skrifum slíkrar skýrslu hafi þó ekki orðið af ýmsum ástæðum. Leikskólastjóri bendir á að leikskólanefnd og sveitarstjórn hafi ekki gengið eftir því að slík skýrsla væri gerð. Atriðalisti hefur hins vegar verið tekinn saman og settur á blað sem eins konar minnislisti eða vinnuplagg fyrir slíka skýrslugerð en verkið sjálft ekki verið unnið. Árleg skýrsla til menntamálaráðuneytis er hins vegar send af sveitarstjóra í sumarbyrjun ár hvert.

Starfsmannastjórnun er að ýmsu leyti erfið að mati leikskólastjórans sjálfs, en leikskólastjóri þarf einn að veita nýjum starfsmönnum leiðsögn; sýna þeim hvernig eigi að vinna verkin. Til kasta leikskólastjóra kemur að færa rök fyrir mörgu sem gera þarf — segja hvers vegna eigi að vinna á einhvern tiltekinn hátt (Guðríður Guðjónsdóttir 1999).

Skortur á allri aðstoð eða stoðþjónustu er þáttur sem gerir stjórnunarstarf leikskólastjóra í litlum byggðarlögum allt annað og erfiðara á ýmsa lund en starf stjórnenda í þéttbýli þar sem hægt er að leita til annarra með þann vanda sem upp kemur og varðar m.a. stjórnun.

Starfsár leikskólans, dvalargjald og daglegur dvalartími barnanna

Hinn sveigjanlegi dvalartími barnanna hefur mælst vel fyrir hjá foreldrum, en vegna hins takmarkaða húsrýmis er hann því aðeins mögulegur að ekki séu fleiri börn í leikskólanum en eru þar nú. Gjaldi fyrir þjónustu leikskólans við foreldra er í hóf stillt miðað við ýmis önnur sveitarfélög að sögn leikskólastjóra. Þetta á ekki hvað síst við um gjaldið sem einstæðir foreldrar greiða.

Starfsfólk

Lög um leikskóla (1994) setja viðmið um menntun starfsmanna við leikskóla (12. gr.) og er nánar kveðið á um fjölda starfsmanna miðað við fjölda leikskólabarna í reglugerð um starfsemi leikskóla (1995). Í lögnum segir að við hvern leikskóla skuli starfa leikskólastjóri og skuli hann og annað starfslið hafa menntun leikskólakennara. Eins og fram hefur komið er aðeins einn starfsmaður Lækjarbrekku með leikskólakennaramenntun.

Rætt var við leikskólastjóra og sveitarstjóra um möguleika starfsmanna á að fá nám eða námskeið sem miðaðist við reynslu starfsmanna af uppeldisstarfi en myndi gera starfsmenn betur í stakk búna að taka þátt í umræðu um uppeldi og fræðslu og þá þjónustu sem leikskólinn veitir. Leikskólastjóri taldi að tvímælalaust væri þörf á slíku námi, en þá þyrfti að taka tillit til starfsmanna sem hefðu margir langa reynslu að baki af starfi með börn á leikskólaldri og væri mikilvægt að nýta þá reynslu í náminu — að tekið væri tillit til hennar við uppbyggingu námsins.

Starfsfólkið er að flestu leyti vandanum vaxið að mati leikskólastjóra þrátt fyrir skort á formlegri leikskólakennaramenntun. Að mati leikskólastjóra getur traustur starfsmaður sem vinnur af alúð og áhuga, valdið þeirri ábyrgð sem honum er lögð á herðar þótt fagleg þekking sé ekki fyrir hendi nema að takmörkuðu leyti.

Eins og komið hefur fram hvílir mikil ábyrgð á herðum leikskólastjóra Lækjarbrekku sem eina fagmenntaða starfsmanninum og virðist sem honum hafi tekist að vinna mjög gott uppeldisstarf á Lækjarbrekku þrátt fyrir þá staðreynd að starfsmenn hafi ekki tilskylda menntun.

Skipulag, leikföng, tæki o.þ.u.l.

Hin tiltölulega þrönga aðstaða setur skipulaginu skorður. Í hádeginu er matur framreiddur fyrir börnin að ósk foreldra. Ekki er um að ræða „eldaðan“ mat heldur jógúrt, brauð með álegg, ávexti o.fl. en þó er stundum elduð súpa eða grautur. Mötuneytisaðstaðan langt frá því að vera viðunandi.

Ekki eru um eiginlega deildaskiptingu að ræða nú, en elstu börnin vinna þó á afmörkuðu svæði verkefni sem eru undirbúningur undir grunnskólanámið. Efnivið og gögnum er haganlega fyrir komið. Húsrýmið er í senn notalegt og snyrtilegt, bjart og málað í líflegum litum. Dagskipulag leikskólans kemur skýrt fram í *Handbók foreldra* (1999) sem foreldrar hafa fengið senda og er það í alla staði í samræmi við þær kröfur sem fram koma í aðalnámskrá leikskóla.

Þótt leikrými barnanna innan dyra sé hlýlegt, bjart og velumgengið fullnægir húsrými leikskólans Lækjarbrekku ekki þeim kröfum sem gerðar eru til slíks húsnæðis í reglugerð um störf leikskóla.

Leikskólinn Lækjarbrekka uppfyllir ekki heldur þær kröfur sem gerðar eru um formlega starfsmenntun starfsmanna en þar er eigi að síður unnið gott og traust uppeldis- og umönnunarstarf.

4. 2 Mat á innra starfi, starfsanda o.fl.

Smæðarinnar vegna líta sumir starfsmenn fremur á Lækjarbrekku sem eins konar „annað heimili“ barnanna en eiginlegan leikskóla. Þessi skoðun á tæplega rétt á sér því á Lækjarbrekku fer fram fræðsla og skipulegt uppeldisstarf í samræmi við aðalnámskrá leikskóla auk gæslu- og umönnunarstarfsins.

Skólanámskrágerð, hugmyndafræðilegur grunnur og stefna leikskólans

Vinna við skólanámskrá Lækjarbrekku er hafin og fyrrihluta skólanámskrárinnar lokið. Í Aðalnámskrá leikskóla (1999) er gert ráð fyrir að allmörgum atriðum séu gerð skil í skólanámskrá leikskóla. Í *Handbók foreldra* (1999) er þáttum er varða hinn ytri ramma starfsins öllum gerð ágæt skil, en hér er aðeins um að ræða fyrrihluta skólanámskrár Lækjarbrekku. Allir foreldrar sem eiga börn á Lækjarbrekku fengu *Handbókina* senda í vetur.

En skólanámskrá leikskólans á ekki aðeins að vera hagnýtt upplýsingarit um ytri ramma starfsins heldur á hún að geyma hugmyndafræðilegan grunn og stefnu sem uppeldisstarfið í leikskólanum á að byggjast á og á að stuðla að árangursríkara starfi þar. Við vinnuna að slíkri stefnumörkun hvílir mikil ábyrgð á leikskólastjóra Lækjarbrekku.

Leikskólastjóri kveðst gera sér vel grein fyrir skyldun sínum og ábyrgð — leikskólastjóra beri að vera sá sem hefur forgöngu um umbótastarf í litlu byggðarlagi en það sé afar erfitt, líklega erfiðara en í stærra eða fjölmennara bæjarfélagi því að í litlu samfélagi sé andstaðan, ef hún er fyrir hendi, í miklu meira návígi og geti efasemdir um umbótastarfið hæglega dregið kraftinn úr þeim sem fá góðar hugmyndir.

Umræða um mál, m.a. leikskólamál, er ekki beinlínis á „faglegum“ eða fræðilegum nótum í litlu samfélagi eins og á Hólmavík að mati leikskólastjóra. Leikskólastjóri er eini leikskólakennarinn á Lækjarbrekku og saknar þess stundum að geta ekki í tengslum við daglegt starf rætt málefni leikskólans út frá faglegum forsendum við einhvern sem hefur skilning og faglegt/fræðilegt innsæi.

Þegar starfsmenn voru spurðir hvaða áherslur væru einkum hafðar í huga í uppeldis- og fræðslustarfinu komu ekki fram skýr svör. Nauðsynlegt er að styrkja þennan þátt til þess að starfsmenn og aðrir gerir sér grein fyrir hugmyndafræðilegum undirstöðum leikskólastarfsins og geti gert þeim skil á viðunandi hátt í skólanámskránni, en í síðari hluta hennar þarf stefna leikskólans m.a. að koma fram. Án undanfarandi umræðu um áherslur í starfi verður tæplega mögulegt að ljúka námskrágerðinni fyrir Lækjarbrekku.

Ætla má að Lækjarbrekka skeri sig ekki úr öðrum leikskólum eða uppeldisstofnunum hvað það varðar að gera skipulega grein fyrir fræðilegum grunni starfsins og ekki er rétt að draga þá ályktun að starfið taki ekki mið af ýmsum kenningum um uppeldi og nám sem eðlilegt er að gerðar séu kröfur um. Meðvitund starfsmanna eða þekking þeirra á uppruna og rökum fyrir ýmsu sem einkennir „góðan praxis“ í leikskólastarfi er þeim hindrun í að tjá sig um þætti sem eru þó greinilega leiðarljós þeirra í starfinu með börnunum.

Foreldrasamstarfið

Markmið foreldrasamstarfs í leikskólum eru skv. Aðalnámskrá leikskóla (1999:30 33) nokkuð mörg og felast í eftirfarandi:

- Að veita foreldrum upplýsingar um starfsemi leikskólans
- Að veita foreldrum upplýsingar um þroska barnsins og stöðu þess í leikskólanum.
- Að afla upplýsinga um aðstæður og uppeldisviðhorf foreldra.
- Að stuðla að þátttöku foreldra í starfi leikskólans.
- Að rækta samvinnu og samskipti leikskólans og heimilanna
- Að skapa umræðuvettvang fyrir skoðanaskipti um uppeldi barna.

Að mati starfsmanna á þessum atriðum sem upp eru talin hér að ofan eru fyrstu tvö atriðin í nokkuð góðu lagi á Lækjarbrekku. Næstu tvö atriðin telja starfsmenn að séu viðunandi, en hins vegar megi bæta til muna umræður og skoðanaskipti um uppeldi barnanna milli foreldra og leikskólastarfsmanna og einnig mætti að einhverju leyti auka þátttöku foreldra í starfi leikskólans.

Í könnuninni sem gerð var meðal foreldra leikskólabarnanna og greint var frá í 3. kafla skýrslunnar kom fram mikið traust forelda á starfsmönnum Lækjarbrekku og á starfinu í heild og bendir til þess að foreldrar séu sáttir við samstarfið og við leikskólann og þjóstuna sem veitt er þar.

Leikskólastjóra þykir viðhorf foreldra til leikskólans og starfsins þar hafa breyst að því leyti að nú sé mun meiri skilningur á mikilvægi uppeldishlutverks leikskólans en þegar hún hóf störf. Þá hafi verið litið á leikskólann fyrst og fremst sem gæslustað (Guðríður Guðjónsdóttir 1999).

Allt bendir til þess að starfsmenn Lækjarbrekku muni taka til athugunar þau atriði sem bæði þeir og foreldrar telja að megi betur fara í samstarfinu. Hafa ber í huga að skortur á viðtalsherbergi getur gert starfsmönnum erfitt um vik að ræða einslega við foreldra.

Samskipti við grunnskólann og aðra

Í lögum um leikskóla (1994) er gert ráð fyrir samstarfi milli leikskóla og grunnskóla og að nauðsynlegt sé að skólustjórnendur sjái til þess að kennarar þekki vel til hugmynda og vinnubragða hvers annars. Einnig er sveitarstjórnendum lögð nokkur skylda á herðar að þessu leyti (sbr. 10. grein) . Eins og fram kom í 2. kafla skýrslunnar er um að ræða mikla og góða samvinnu skólustjóranna og að báðum þáttum gætt, þ.e. að leikskólabörnin kynnist grunnskólanum og yngstu börnin í grunnskólanum fái að rækta tengsl við gamla leikskólann sinn (sbr. Brúum bilið, 1997:9).

Leikskólustjóri sagði frá nokkrum erfiðum málum sem upp hefðu komið og tekist hefði að leysa á farsælan hátt í samvinnu við barnaverndarnefnd á staðnum. Vegna þess að ekki eru aðrir leikskólar í nágrenni við Hólmavík er ekki um samskipti að ræða nema þá helst þegar starfsmenn hitta aðra starfsmenn leikskóla á námskeiðum.

Ánægjuleg samskipti við norskan leikskóla hafa sett skemmtilegan svip á starfið og lífgað upp á það að mati starfsmanna, sbr. frásögn í 2. kafla hér að framan. Er þar um að ræða gott dæmi um samstarf sem eykur víðsýni og þekkingu bæði starfsmanna og barna.

Fram kom í viðtali við leikskólustjóra að gott samstarf væri við heilsugæslu staðarins. Hjúkrunarfræðingur kæmi í heimsókn og veitti starfsfólki og börnum fræðslu. Milli leikskólans og heilsugæslunnar fer og fram miðlun nauðsynlegra upplýsinga um börnin.

Vettvangsferðir

Starfsmönnum leikskóla ber að gæta fyllsta öryggis í ferðum með börnin utan leikskólans sem innan. Vettvangsferðir eru fastur liður í leikskólastarfinu og eru þær skipulagðar í samvinnu leikskóla og foreldra og tilgangur þeirra ljós. Þeir foreldrar sem þátt tóku í könnuninni sem gerð var, lýstu yfir mjög eindregnu trausti til starfsmanna og gefa til kynna að þeir séu mjög öruggir um börnin sín í ferðum sem farnar eru.

Innra skipulag og inntak leikskólastarfsins

Eins og fram hefur komið mynda eldri börnin skólahóp þótt ekki sé um beina deildaskiptingu að ræða. Þau vinna að ýmsum áhugaverðum verkefnum. Lögð er áhersla á verkefni sem eru „vönduð“ og eru því nokkuð langan tíma í vinnslu. Börnin vinna t.d. að gerð jólagjafa til foreldra sinna o.fl. Í skólahópnum eru unnin þemaverkefni við hæfi barnanna hvað aldur og þroska snertir.

Áherslur í námi barnanna eru þó fyrst og fremst tengdar móðurmálinu og er þá leitast við að nýta ýmsar „hefðir“ og sérkenni menningarsvæðisins, en í Strandasýslu býr kjarnyrkt fólk og þar lifir listin að segja sögu ennþá góðu lífi að sögn starfsmanna. Börnin læra t.d. löng „erfið“ kvæði og þulur; þau læra að segja sögur og flytja efni á áheyrilegan hátt, m.a með því að leika stutt leikrit. Börnin læra einnig að vera góðir áheyrendur. Þau kunna að hlusta, lifa sig inn í efnið, hlæja og klappa en eru samt ekki með læti, ágengni eða frekju, og er þetta einróma álit leikhópa sem sótt hafa Hólmavík heim með efni við hæfi barna að sögn leikskólastjóra.

Um aga, uppeldisaðferðir og önnur „erfið“ mál hafa starfsmenn velt því fyrir sér hvort gerðar væru e.t.v. of miklar kröfur til barnanna um „hlýðni“, þ.e. að börnin virði þær reglur sem settar hefðu verið. Starfsmenn telja að börnin á Lækjarbrekku séu ákaflega hlýðin; þau fari eftir fyrirmælum svo til undantekningalaust.

Framkoma barnanna reyndist og vera til mikillar fyrirmyndar þegar höfundur skýrslunnar dvaldist í leikskólanum Lækjarbrekku. Börnin voru mjög eðlileg í allri framkomu, voru forvitin en sýndu gesti aldrei annað en fyllstu kurteisni. Það var ánægjulegt að fylgjast með þeim í leik og starfi. Þau sýndu mikinn samstarfsvilja og sýndu að þau gátu leyst ágreiningsmál á farsælan hátt með aðstoð starfsmanna.

Stjórnun innra starfs

Þar sem leikskólastjóri er eini starfsmaðurinn sem hefur lokið námi sem leikskólakennari er sá þáttur stjórnunar er lýtur að innra starfi eðlilega mjög ríkur þáttur stjórnunar í Lækjarbrekku og mun umfangsmeiri en búast má við hjá leikskólastjórum í leikskólum þar sem starfsfólk hefur hlotið þá undirbúningsmenntun undir uppeldis- og fræðslustarfið sem gerðar eru kröfur um.

Að auki er leikskólastjóri mjög einn um sinn vanda þar sem hann hefur ekki aðgang að neinni stoðþjónustu sem t.d. hefur verið byggð upp og litið er á sem eðlilegan og nauðsynlegan þátt í uppbyggingu innra starfs í leikskólum, t.d. á höfuðborgarsvæðinu.

Hér verður sú ályktun dregin að leikskólastjóra hljóti að hafa tekist vel að miðla til hinna starfsmannanna því sem er forsenda vandaðs leikskólastarfs og hafi tekist að virkja góða hæfileika þeirra í starfinu með traustri ráðgjöf.

4.3 Heildarmat

Við mat á ytra starfsumhverfi og innra starfi koma fram tvær ólíkar myndir.

Hinum ytri starfsramma leikskólans Lækjarbrekku er að ýmsu leyti ábótavant:

- Húsnæðið uppfyllir ekki þau skilyrði sem sett eru í reglugerð. Leik- og kennslurými er of þröngt; aðstaða starfsfólks er mjög slæm (vinnuaðstaða leikskólastjóra; vinnuaðstaða við matargerð og framreiðslu matar og drykkjar fyrir börnin er óviðunandi). Enginn möguleiki er á því að ræða einslega við foreldra vegna skorts á viðtalsherbergi.
- Starfsmenn hafa ekki þá undirstöðumenntun sem gerð er krafa um, að leikskólastjóra undanskildum.
- Leikskólastjóri nýtur ekki þeirrar stoðþjónustu sem eðlilegt er að gera ráð fyrir. Stjórnunarálag er meira þegar ekki er um að ræða aðra fagmenntaða starfsmenn í starfinu.
- Skýrsla um árlega starfsemi leikskólans hefur ekki verið unnin fyrir leikskólanefnd um nokkurt skeið og leikskólanefnd ekki kallað eftir henni.

Innra starf er hins vegar traust, metnaðarfullt og vel skipulagt:

- Gerð *Handbókar foreldra* lýsir vilja starfsmanna að koma fljótt til móts við kröfur um aðgengilegar upplýsingar um starfið fyrir foreldra og starfa í anda þeirrar stefnu sem sett er af yfirvöldum.
- Starfsmenn gera sér grein fyrir að leita þarf leiða til að koma á reglulegum samræðum við foreldra um uppeldisstarfið. Starfsmenn eru mjög sáttir við aðalnámskrá leikskóla sem starfsramma og gera sér grein fyrir gildi þess að starfa eftir skólanámskrá sem þeir hafa sjálfir unnið að því að gera og er bæði í samræmi við sérstöðu leikskólans og þær reglur sem yfirvöld menntamála hafa sett leikskólastarfi.
- Í heimsóknunum og dvöl á leikskólanum, bæði inni og úti á leiksvæðinu, kom greinilega í ljós að unnin voru af miklum metnaði og alúð hin vandasömu uppeldis- og umönnunarstörf.
- Þáttur fræðslu og færniþjálfunar var greinilega ríkur þáttur í starfinu og bera verk unnin af börnunum þess augljós vitni.
- Meðal foreldra sem eiga börn á Lækjarbrekku og tóku þátt í viðhorfakönnuninni sem gerð var í tengslum við þetta verkefni kom fram mjög jákvætt viðhorf til leikskólastarfsins eins og frá er greint í 3. kafla skýrslunnar. Foreldrar lýsa þar yfir ánægju með starfsfólk og það starf sem unnið er í leikskólanum.
- Samstarf við þá aðila sem leikskólinn þarf að eiga samskipti við virðist vera í eðlilegum farvegi í alla staði.

Sveitarstjórn Hólmavíkurbrepps getur verið ánægð með þjónustuna sem leikskólinn Lækjarbrekka veitir íbúunum þrátt fyrir erfið ytri skilyrði. Við mat á ytri og innri þáttum koma fram skýrar línur sem ekki ætti að vera erfitt að nýta sem uppistöðu í áætlun sem sveitarfélagið í samstarfi við leikskólastjóra, leikskólanefnd og starfsfólk getur hrint í framkvæmd. Hér varða settar fram nokkrar ábendingar eða tillögur til úrbóta sem hægt væri að hafa til hliðsjónar.

4.4 Tillögur til úrbóta

- Nauðsynlegt er að gera úrbætur sem leiða til þess að starfsumhverfi leikskólans, húsrými o.fl. sé í fullu samræmi við það sem lög og reglugerð segja fyrir um.
- Vinna þarf að því að koma á föstum fundum með foreldrum.
- Starfsfólk leikskólans ætti að hafa frumkvæði að því að taka upp mál við foreldra ef það hefur grun um að foreldrar séu ósáttir við eða óánægðir með einhverja þætti starfsins.
- Ljúka þarf gerð skólanámskrár, t.d. með því að fá utanaðkomandi aðstoð við að ræða og taka ákvarðanir er varða innra starf, en síðari hluti skólanámskrárinnar mun m.a. fjalla um þann þátt.
- Samstarf við leikskólanefnd væri nauðsynlegt um ýmis atriði er varða stefnumörkun í leikskólastarfinu.
- Gerð ársskýrslu um leikskólastarfið þarf að vera samstarfsverkefni leikskólastjóra og leikskólanefndar.
- Unnið verði að því í samráði við sveitarstjórn að koma á markvissri starfsþjálfun fyrir starfsmenn leikskólans.
- Leikskólastjóri eigi aðgang að aðilum er geta veitt ráðgjöf og stuðning við ýmis mál er varða stjórnun og rekstur.

Hér að framan hafa verið dregin fram nokkur atriði sem þeir sem bera ábyrgð á rekstri leikskólans Lækjarbrekku á Hólmavík þurfa að skoða, forgangsraða og fylgja síðan eftir þangað til settu marki hefur verið náð.

Starfið á Lækjarbrekku er um margt til fyrirmyndar. Bætt ytri skilyrði munu ekki einungis tryggja að ákvæði laga og reglugerðar séu uppfyllt heldur mun starfsfólk, sem finnst vinnuaðstaða sín góð, verða ennþá betri og traustari starfsmenn og er slíkt áreiðanlega mikilvægur þáttur í þjónustunni sem sveitarfélagið veitir íbúum á Hólmavík og nágrenni.

Lokaorð

Samfélagið sem stendur að baki rekstri leikskólans Lækjarbrekku er lítið og á í vök að verjast um þessar mundir eins og flestar ef ekki allar byggðir Íslands utan höfuðborgarsvæðisins.

Neikvæðar jafnt sem jákvæðar hliðar smárra samfélagseininga komu greinilega fram þegar mál leikskólans Lækjarbrekku voru skoðuð og rædd. Hin mikla samkennd þegar eitthvað bjátar á er hluti af reynsluheimi starfsfólksins á Lækjarbrekku. En foreldrar, sem finna fyrir óöryggi og óvissu hvað varðar atvinnu og þar með afkomu, geta líklega aldrei alveg dulið áhyggjur sínar þannig að börn þeirra — þótt ung séu að árum — verði þeirra ekki vör, beint eða óbeint. Vandí þeirra sem bera ábyrgð á daglegri umönnun og uppeldislegu starfi í leikskóla vex ef hin ytri skilyrði lífsafkomu eru ótraust, en einmitt við slíkt ástand búa íbúar Hólmavíkur og nágrennis nú. Af þessum sökum er ekki hvað síst nauðsynlegt að bjóða stjórnendum leikskólans upp á aðstoð við hið vandasama uppeldisstarf, t.d. í formi aðgengis að stoðþjónustu af ýmsu tagi. Hér gæti verið um að ræða aðstoð við fræðslustarf starfsmanna og starfsmannahald að öðru leyti, aðstoð við gerð rekstrar- og starfsáætlana, aðstoð við þætti er lúta að samskiptum við foreldra o.fl.

Ánægjulegu verki er nú lokið og öllum er veittu upplýsingar færðar bestu þakkir. Íbúar á Hólmavík eiga góðan leikskóla sem þeir geta verið stoltir af, en gera þarf hið fyrsta nauðsynlegar úrbætur á húsnæðinu og leysa þar með þann vanda sem nú sníðir annars blómlegu starfi þrengri stakk en æskilegt væri.

Heimildaskrá

Ritaðar heimildir

Aðalnámskrá leikskóla 1999. [REYKJAVÍK]

Brúum bilið. Rit um tengsl leikskóla og grunnskóla. 1997. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið

Handbók foreldra 1999-2000. Námskrá 1. hluti. 1999. Fyrri hluti skólanámskrár leikskólans Lækjarbrekku. Inngang ritar Guðríður Guðjónsdóttir, leikskólastjóri. Hólmavík, Leikskólinn Lækjarbrekka.

Hrafnhildur Ragnarsdóttir. 1993. Tilfinningatengsl foreldra og barna. Sálfræðibókin. Hörður Þorgilsson og Jakob Smári, ritstj. Reykjavík, Mál og menning.

Kristín Karlsdóttir. 1998. Mat á starfi leikskólans Furuborgar. Skýrsla til menntamálaráðuneytisins. www.mm.stjr.is

Leikskólatíðindi, 1991, 1993, 1994, 1996. Fréttabréf Leikskóla Hólmavíkur. Ábm. Guðríður Guðjónsdóttir og Þórdís Gunnarsdóttir. Hólmavík, Leikskólinn Lækjarbrekka.

Lög um leikskóla, 1994. nr. 78. Reykjavík, [Menntamálaráðuneytið].

Montessori, Maria. 1966. The secret of childhood. Þýðing úr ítölsku eftir M.J. Costelloe, byggð á 7. útgáfu bókarinnar 1960. New York, Ballantine Books.

Reglugerð um starfsemi leikskóla, 1995. nr. 225.[Reykjavík], Menntamálaráðuneytið.

Sigurður Grétarsson og Sigrún Aðalbjarnardóttir. 1993. Uppeldisaðferðir. Sálfræðibókin. Hörður Þorgilsson og Jakob Smári ritstj. Reykjavík, Mál og menning.

Stake, Robert E. 1976. Evaluating educational programmes: The need and the response. Paris, OECD Centre for research and innovation (CERI).

Uppeldisáætlun fyrir leikskóla. Markmið og leiðir. 1993. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið.

Winnicott, D.W. 1964. The child, the family and the outside world. Harmondsworth.GB, Penguin Books Publ.[14. prentun 1985]

Munnlegar heimildir

Guðríður Guðjónsdóttir, leikskólastjóri, Hólmavík. 1999. Viðtöl tekin í nóvember 1999 og janúar 2000 um starfið á leikskólanum Lækjarbrekku. Viðtölin fóru fram á Lækjarbrekku en einnig í síma.

Þór Örn Jónsson, sveitarstjóri Hólmavíkurhrepps. 1999. Viðtal tekið á skrifstofu Hólmavíkurhrepps, Hólmavík 23. nóv. 1999.

Viðaukar

Viðauki I	Myndir frá Lækjarbrekku (Ekki í tölvutæku formi)
Viðauki II	Bréf o.fl.
Viðauki III	Námsleiðir á Lækjarbrekku (Ekki í tölvutæku formi)
Viðauki IV	Teikning af leikskólabyggingu og útivistarsvæði (Ekki í tölvutæku formi)
Viðauki V	Spurningalisti
Viðauki VI	Viðhorfakönnun: Tíðnitöflur

Viðauki I **Myndir frá Lækjarbrekku (Ekki í tölvutæku formi)**
Viðauki II **Bréf o.fl.**

VIÐAUKI II

Kæru starfsmenn leikskólans Lækjarbrekku!

Eins og þið vitið hef ég dvalið hjá ykkur í leikskólanum til þess að vinna við verkefni sem ég tók að mér fyrir menntamálaráðuneytið og felst í því að gera úttekt eða framkvæma mat á starfsemi leikskólans Lækjarbrekku.

Tilgangur matsins eða úttektar á leikskólum er einkum

- Að tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga og reglugerðar og í samræmi við aðalnámskrá leikskóla.
- Að niðurstöður leiði til aukinnar þekkingar og þróunar á leikskólastarfi.
- Að nýta niðurstöður eða hafa þær til hliðsjónar við endurskoðun uppeldisáætlunar/aðalnámskrár leikskóla.

Nú langar mig til að biðja ykkur að að svara nokkrum spurningum og einnig að meta nokkra þætti leikskólastarfsins (eins konar „sjálfsmat“). Það er mikilvægt bæði fyrir úttektina en einnig fyrir ykkur að móta ykkur skoðun á ýmsum mikilvægum atriðum er varða uppeldisstarf leikskólans sem er mikilvægur þáttur í félagslegri þjónustu bæjarfélagsins og varðar byggðapróun hvernig til tekst.

Þið megið alveg ráða því hvort þið svarið allar saman þessum spurningum eða hver í sínu lagi. Ef þið veljið síðari kostinn bið ég ykkur að setja svörin hvert fyrir sig í meðfylgjandi umslög sem eru merkt mér. Ef þið skoðið stöðuna allar saman, gefið það þá til kynna og sendið mér niðurstöður ykkar sem allra fyrst.

Af ýmsum ástæðum hefur vinnu minni við matsverkefnið seinkað en ég vona að þið bregðist fljótt og vel við þessari beiðni minni núna.

Með bestu kveðju,

Spurningar til starfsmanna leikskólans Lækjarbrekku Hólmavík

Dagskipulag leikskólans

Í dagskiplagi leikskólans koma fram upplýsingar um:

- _ Matartíma
- _ Hreinlætisþjálfun
- _ Hvíldartíma
- _ Frjálsa- og skipulagða leiktíma inni og úti
- _ Hópverkefni - einstaklingsverkefni

Merktu við þau atriði sem þér finnst að þyrfti að vera skýrari en þau eru núna

Tengsl leikskóla og grunnskóla

Skólastjórar leikskóla og grunnskóla eiga að sjá til þess að kennarar þekki vel til hugmynda og vinnubragða hver annars

Eru haldnir fundir? [] já [] nei

Eru áherslur ræddar? [] já [] nei

Eru heimsóknir milli skólanna skipulagðar? [] já [] nei [] er ekki viss

Hafa heimsóknir skilað tilætluðum árangri? [] já [] nei [] er ekki viss

Leikbúnaður og leikefni í leikskólanum

Merktu við það sem þér finnst að þurfi að bæta úr

- efniviður til skapandi starfa
- ýmsar gerðir af verkfærum
- búnaður til þykjustu- og hlutverkaleikja
- kubbar og annað efni til byggingaleikja
- hljóðfæri
- tölvur
- inni- og útileiktæki
- annað _____

Ef þú telur að nánari lýsing á stöðu þessarar mála á Lækjarbrekku gæti verið til gagns við matið væri hægt að bæta henni hér við

Leikefni sem ætti að vera í öllum leikskólum	Er til / Er ekki til	Nánari lýsing:
Efniviður til skapandi starfa		
Ýmsar gerðir af verkfærum		
Búnaður til þykjustu- og hlutverkaleikja		

Kubbar og annað efni til byggingaleikja		
Hljóðfæri		
Tölvur		
Inni- og útileiktæki		

Samstarf heimilis og leikskóla

Markmið foreldrasamstarfs í leikskólum er:

- Að veita foreldrum upplýsingar um starfsemi leikskólans
- Að veita foreldrum upplýsingar um þroska barnsins og stöðu þess í leikskólanum.
- Að afla upplýsinga um, aðstæður og uppeldisviðhorf foreldra.
- Að stuðla að þátttöku foreldra í starfi leikskólans.
- Að rækta samvinnu og samskipti leikskólans og heimilanna
- Að skapa umræðuvettvang fyrir skoðanaskipti um uppeldi barna.

Metið hvernig ykkur finnst að þessi mál séu núna:

Upplýsingar til foreldra um starfsemi leikskólans

Í mjög góðu lagi	Í góðu lagi	Viðunandi	Mætti bæta	Ófullnægjandi
[]	[]	[]	[]	[]

Upplýsingar um þroska barnsins og stöðu þess í leikskólanum.

Í mjög góðu lagi	Í góðu lagi	Viðunandi	Mætti bæta	Ófullnægjandi
[]	[]	[]	[]	[]

Öflun upplýsinga um aðstæður og uppeldisviðhorf foreldra.

Í mjög góðu lagi	Í góðu lagi	Viðunandi	Mætti bæta	Ófullnægjandi
------------------	-------------	-----------	------------	---------------

[] [] [] [] []

Þátttaka foreldra í starfi leikskólans.

Í mjög góðu lagi	Í góðu lagi	Viðunandi	Mætti bæta	Ófullnægjandi
[]	[]	[]	[]	[]

Samvinna og samskipti leikskólans og heimilanna

Í mjög góðu lagi	Í góðu lagi	Viðunandi	Mætti bæta	Ófullnægjandi
[]	[]	[]	[]	[]

Umræðuvettvangur og skoðanaskipti um uppeldi barna.

Í mjög góðu lagi	Í góðu lagi	Viðunandi	Mætti bæta	Ófullnægjandi
[]	[]	[]	[]	[]

Kynning á Lækjarbrekku fyrir nýja foreldra:

Metið hvernig að kynningu og móttöku nýs leikskólanemanda er staðið núna

	Er í góðu lagi	þarf að bæta	Er í endurskoðun	Ófullnægjan
Aðalnámskrá kynnt				
Skólanámskrá/ starfsáætlun leikskólans kynnt				
Húsakynni - skipulag deilda kynnt				
Efniviður- leiktæki kynnt				
Leiksvæði kynnt				
Upplýsingar um foreldrafélag veittar				
Reglur kynntar				
Upplýsingar um fatnað o.fl. veittar				
Skipulögð nán tengsl barns við einn starfsmann fyrstu dagana				
Dvöl foreldris möguleg fyrstu dagana				
Samtöl við nýja foreldra skiplögð				
Annað:				

Skólanámskrá leikskólans...

- er hugmyndafræðilegur grundvöllur og stefnumótandi leiðarvísir að uppeldisstarfi í leikskólanum.
- er heildaryfirlit yfir starfsemi leikskólans
- á að stuðla að skilvirkara starfi í leikskólanum
- á að kynna fyrir foreldrum og vera öllum aðgengileg
- er í sífelldri þróun

Skólanámskrá leikskólans byggir á...

- Aðalnámskrá leikskóla
- Starfsmannastefnu leikskólans
- Skipuriti leikskólans
- Stjórnunarháttum leikskólans
- Dagskipulagi
- Vikuáætlunum
- Námskrá fyrir leik- og námssvæði
- Námskrá um leiki barna
- Einstaklingsnámskrá
- Deildarnámskrá
- þemanámskrá

Í skólanámskrá leikskólans...

þurfa þessi atriði að koma fram

-Komu og brottfaratími barnanna

-Leyfis dagar starfsmanna

-Vinnutími starfsmanna

Matar- og kaffitímar

Vaktaskipulag

-Staðsetning

-Staðhættir o.fl.

Húsakynni

Útivistarsvæði

Aðbúnaður

-Fjöldi, menntun, reynsla og hæfileikar starfsmanna.

Vinsamlegast gefið til kynna viðhorf ykkar til eftirfarandi fullyrðinga er varða tilgang skólanámskrá leikskóla

Skólanámskrá leikskóla...

-Gerir leikskólastarfið sýnilegra

Sammála	Frekar sammála	Hlutlaus	Frekar ósammála	Ósammála
[]	[]	[]	[]	[]

-Veitir yfirsýn yfir allar forsendur í rekstri leikskóla

Sammála	Frekar sammála	Hlutlaus	Frekar ósammála	Ósammála
[]	[]	[]	[]	[]

-Gerir leikskólasstarfið markvissara og auðveldara

Sammála	Frekar sammála	Hlutlaus	Frekar ósammála	Ósammála
[]	[]	[]	[]	[]

-Veitir heildaryfirsýn yfir uppeldisstarfið

Sammála	Frekar sammála	Hlutlaus	Frekar ósammála	Ósammála
[]	[]	[]	[]	[]

-Gefur starfsfólki skýrar upplýsingar um hvers er vænst af því

Sammála	Frekar sammála	Hlutlaus	Frekar ósammála	Ósammála
[]	[]	[]	[]	[]

-Gerir nýliðum auðveldara að komast inn í starfið

Sammála	Frekar sammála	Hlutlaus	Frekar ósammála	Ósammála
[]	[]	[]	[]	[]

-Auðveldar markvisst samstarf við foreldra og aðra samstarfsaðila

Sammála	Frekar sammála	Hlutlaus	Frekar ósammála	Ósammála
[]	[]	[]	[]	[]

Upplýsingar um eftirfarandi atriði eru vel þegnar (skriflega eða munnlega):

Hvaða uppeldiskenningar eru einkum lagðar til grundvallar í leikskólastarfinu?

Hvaða uppeldisaðferðir eru einkum lagðar til grundvallar í leikskólastarfinu?

Að hvaða leyti samrýmast uppeldisaðferðir á Lækjarbrekku aðalnámskrá leikskóla?

Hvernig tengjast þær henni?

Hvernig fer umræða um námskrána fram meðal starfmannna?

**Hvernig er fjallað um og hvernig eru eftirtaldir þættir skólastarfsins skilgreindir?:
ábyrgð - frjálsræði - takmarkanir**

Athugasemdir/gagnrýni á aðalnámskrá /lög, reglugerð/ annað sem nú stýrir starfinu

Mikilvægustu umbætur sem þörf er á að verði gerðar

**Atriði sem þið teljið að geti haft jákvæð og / eða neikvæð áhrif á þróun leikskólans á Hólmavík
á næstunni**

Spurningar til leikskólastjóra og starfsmanna

	Er til/ er skráð/er virkt	Þarf að endurskoða eða koma á	Er í vinnslu	Er ekki til /er ekki skráð
Leikskólanámskrá				
Stefna leikskólans um aðhald og hæfilegan aga				
Starfsmannastefna leikskólans				
Skipurit leikskólans				
Stjórnunarhættir leikskólans				
Dagskipulag				
Vikuáætlanir				
Námskrá fyrir leik- og námssvæði				
Námskrá um leiki barna				
Einstaklingsnámskrá				
Deildarnámskrá				
Þemanámskrá				
Þróunarstarf				
Tilraunaverkefni				
Saga leikskólans				

Samstarf við leikskólanefnd				
	Er til/ er skráð/er virkt	Þarf að endurskoða eða koma á	Er í vinnslu	Er ekki til
Ársskýrsla				
Uppl um fjölda barna /starfsmanna				
Ráðgjafarþjónusta				
Innra mat /gæðamat- sjálfsmat				
Séraðstoð v/barna m. sérþarfir				
Skrá yfir leiktæki				
Skrá yfir ýmiss tæki og búnað				

Viðhorf leikskólastjóra/starfsmanna til markmiða leikskólastarfsins:

Raðaðu í forgangsröð eftirfarandi 10 fullyrðingum sem allar teljast til verðugra markmiða í leikskólastarfi:

- Leikskólinn sér börnum fyrir nauðsynlegri umönnun**
- Leikskólinn sér börnum fyrir hollu uppeldisumhverfi**
- Leikskólinn sér börnum fyrir öruggum leikskilyrðum**
- Leikskólinn stuðlar að jöfnun uppeldisaðstöðu meðal barna**
- Leikskólinn eflir kristilegt siðgæði**
- Leikskólinn býr börnin undir þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi**
- Leikskólinn eflir sjálfstæði barnanna**
- Leikskólinn eflir alhliða þroska barnanna**
- Leikskólinn gerir börnin hugsandi, virk og ábyrg**
- Leikskólinn styrkir jákvæða sjálfsmynd barnanna**

VIÐAUKI V

KÖNNUN MEÐAL FORELDRA LEIKSKÓLABARNA Á LÆKJARBREKKU, HÓLMAVÍK

BAKGRUNNSUPPLÝSINGAR:

1 Hver svarar könnuninni?

Móðir

Faðir

2 Hversu lengi hefur barnið verið í leikskólanum?

Hálft ár eða minna

Hálft til eitt ár

Eitt til tvö ár

Meira en tvö ár

3. Hversu vel er þér kunnugt um efni nýrrar aðalnámskrár leikskóla?

Mjög vel

Nokkuð vel

Sæmilega

Að litlu leyti

Alls ekkert

4. Hversu vel er þér kunnugt um stefnu leikskólans Lækjarbrekku og sérstakar áherslur í starfinu þar ?

Mjög vel

Nokkuð vel

Sæmilega

Að litlu leyti

Alls ekkert

Vinsamlegast taktu afstöðu til eftirfarandi fullyrðinga með því að merkja við viðeigandi reiti, frá því að vera sammála fullyrðingu til þess að vera ósammála fullyrðingu. Mikilvægt er að tekin sé afstaða til allra fullyrðinga. Spurt er um viðhorf þín eins og þau eru í dag.

UM LEIKSKÓLASTARFIÐ, SAMSKIPTI VIÐ LEIKSKÓLANN O.FL.:

5 Ég fékk nægilegar upplýsingar um leikskólann í upphafi

Sammála

Frekar sammála

Hlutlaus

Frekar ósammála

Ósammála

6 Þegar ég lít til baka, þá tel ég að aðlögunartími barnsins míns hafi verið nægjanlega langur

SSammála	Frekar sammála	Hlutlaus	Frekar ósammála	Ósammála
[]	[]	[]	[]	[]

7 Mér finnst vel tekið á móti barninu mínu þegar við komum í leikskólann

Sammála	Frekar sammála	Hlutlaus	Frekar ósammála	Ósammála
[]	[]	[]	[]	[]

8 Mér finnst að starfsfólk leikskólans geri sér góða grein fyrir persónulegum sérkennum leikskólabarnanna— bæði sterkum og veikum hliðum

Sammála	Frekar sammála	Hlutlaus	Frekar ósammála	Ósammála
[]	[]	[]	[]	[]

9 Ég tel að starfsfólk leikskólans hafi kunnáttu og hæfni til að sinna vel sínu starfi

Sammála	Frekar sammála	Hlutlaus	Frekar ósammála	Ósammála
[]	[]	[]	[]	[]

10 Mér finnst starfsfólk leikskólans bera umhyggju fyrir börnunum og miða störf sín við þarfir þeirra

Sammála	Frekar sammála	Hlutlaus	Frekar ósammála	Ósammála
[]	[]	[]	[]	[]

11 MÉR FINNST ÞÆGILEGT OG AUÐVELT AÐ TALA VIÐ STARFSFÓLK LEIKSKÓLANS

Sammála	Frekar sammála	Hlutlaus	Frekar ósammála	Ósammála
[]	[]	[]	[]	[]

12 MÉR FINNST AUÐVELT AÐ TAKA UPP MÁL SEM ÉG ER ÓÁNÆGÐ(ur) MEÐ VIÐ STARFSFÓLKIÐ

Sammála	Frekar sammála	Hlutlaus	Frekar ósammála	Ósammála
[]	[]	[]	[]	[]

13 MÉR FINNST AUÐVELT AÐ TAKA UPP MÁL SEM ÉG ER ÓÁNÆGÐ(ur) MEÐ VIÐ LEIKSKÓLASTJÓRANN

Sammála	Frekar sammála	Hlutlaus	Frekar ósammála	Ósammála
[]	[]	[]	[]	[]

14 ÉG ER MJÖG ÁNÆGÐ(ur) MEÐ UPPLÝSINGAGJÖF LEIKSKÓLANS UM ATRIÐI SEM SNERTA BARNIÐ MITT

Sammála	Frekar sammála	Hlutlaus	Frekar ósammála	Ósammála
[]	[]	[]	[]	[]

15 ÉG TEL AÐ STARFSFÓLK FARI EFTIR ÓSKUM MÍNUM UM KLÆÐABURÐ, SVEFN OG MATARRÆÐI BARNSINS MÍNS

Sammála	Frekar sammála	Hlutlaus	Frekar ósammála	Ósammála
[]	[]	[]	[]	[]

16 MÉR FINNST BARNIÐ MITT EIGA ÁNÆGJULEG SAMSKIPTI VIÐ STARFSFÓLK LEIKSKÓLANS OG AÐ ÞVÍ LÍÐI VEL Í LEIKSKÓLANUM

Sammála	Frekar sammála	Hlutlaus	Frekar ósammála	Ósammála
[]	[]	[]	[]	[]

17 ÉG TEL AÐ LEIKSKÓLADVÖLIN Á LÆKJARBREKKU SÉ ÞROSKANDI OG LÆRDÓMSRÍK FYRIR BARNIÐ

Sammála	Frekar sammála	Hlutlaus	Frekar ósammála	Ósammála
[]	[]	[]	[]	[]

18 MÉR FINNST AÐ LEIKSKÓLINN SINNI LEIKÞÖRF BARNSINS MÍNS Á FULLNÆGJANDI HÁTT

Sammála	Frekar sammála	Hlutlaus	Frekar ósammála	Ósammála
[]	[]	[]	[]	[]

19 MÉR FINNST AÐ Á LÆKJARBREKKU SÉ BÖRNUNUM SÉÐ FYRIR EÐLILEGUM HVÍLDARTÍMA

Sammála	Frekar sammála	Hlutlaus	Frekar ósammála	Ósammála
[]	[]	[]	[]	[]

20 Mér finnst að leikskólinn veiti barninu mínu hreinlætisþjálfun sem hæfir aldri þess og þroska.

Sammála	Frekar sammála	Hlutlaus	Frekar ósammála	Ósammála
[]	[]	[]	[]	[]

21 Mér finnst að leikskólinn verji hæfilega löngum tíma til hópverkefna annars vegar og einstaklingsverkefna hins vegar.

Sammála	Frekar sammála	Hlutlaus	Frekar ósammála	Ósammála
[]	[]	[]	[]	[]

UM AÐBÚNAÐ Í LEIKSKÓLANUM LÆKJARBREKKU:
--

22 Ég er ánægð(ur) með húsnæði leikskólans

Sammála	Frekar sammála	Hlutlaus	Frekar ósammála	Ósammála
[]	[]	[]	[]	[]

23 Mér finnst útvistarsvæði leikskólans vel skipulagt, nægilega fjölbreytt og gott leiksvæði

Sammála	Frekar sammála	Hlutlaus	Frekar ósammála	Ósammála
[]	[]	[]	[]	[]

24 Mér finnst umhverfi leikskólans öruggt fyrir barnið mitt

Sammála	Frekar sammála	Hlutlaus	Frekar ósammála	Ósammála
[]	[]	[]	[]	[]

25. Mér finnst leikskólinn vel búinn að leikföngum, tækjum og áhöldum og öðru sem nýttist í starfinu með börnunum.

Sammála	Frekar sammála	Hlutlaus	Frekar ósammála	Ósammála
[]	[]	[]	[]	[]

26 Barnið mitt lætur vel af matnum í leikskólanum

Sammála	Frekar sammála	Hlutlaus	Frekar ósammála	Ósammála
[]	[]	[]	[]	[]

27 Ég hef engar áhyggjur af barninu mínu á meðan það er í vettvangsferðum á vegum leikskólans

Sammála	Frekar sammála	Hlutlaus	Frekar ósammála	Ósammála
[]	[]	[]	[]	[]

FYRIR ÞÁ SEM VILJA BÆTA EINHVERJU VIÐ FRÁ EIGIN BRJÓSTI:

Hvað ert þú ánægðust/ánægðastur með í leikskólanum ?

Hvað ert þú óánægðust/óánægðastur með í leikskólanum ?

Hvaða umbætur á leikskólastarfinu í Lækjarbrekku telur þú mikilvægast að verði gerðar?

Nefndu atriði sem þú telur að geti haft jákvæð eða neikvæð áhrif á þróun leikskólastarfsins í nánustu framtíð.

Kærar þakkir fyrir að gefa þér tíma til að svara!

VIÐAUKI VI

Niðurstöður viðhorfakönnunar

Hverjir svara

Bar	Element	Count	Percent	
	Móðir	12	60	Mod
:	Faðir	8	40	
:	Fore saman	0	0	
.	Ekki svarað	0	0	

X₃: sp 2 dvalartími

Bar:	Element:	Count:	Percent:	
1	hálft ár e>a minna	0	0%	-Mode
2	hálft til eitt ár	2	10%	
3	eitt til tvö ár	10	50%	
4	meira en tvö ár	8	40%	

X₄: sp 3 efni a>alnámskrár

Bar:	Element:	Count:	Percent:
1	mjög vel	1	5%
2	nokku> vel	6	30%
3	sæmilega	3	15%
4	a> litlu leyti	6	30%
5	alls ekkert	4	20%

X5: sp 4 stefna leiksk

Bar:	Element:	Count:	Percent:	
1	mjög vel	2	10%	
2	nokku> vel	8	40%	-Mode
3	sæmilega	7	35%	
4	a> litlu leyti	3	15%	
5	alls ekkert	0	0%	

X6: sp 5 nægilegar uppl

Bar:	Element:	Count:	Percent:	
1	sammála	9	45%	-Mode
2	frekar sammála	2	10%	
3	hlutlaus	6	30%	
4	frekar ósammála	3	15%	
5	ósammála	0	0%	

X7: sp 6 a>lögunartími

Bar:	Element:	Count:	Percent:	
1	sammála	13	65%	-Mode
2	frekar sammála	4	20%	
3	hlutlaus	2	10%	
4	frekar ósammála	1	5%	
5	ósammála	0	0%	

X8: sp 7 móttaka á leiksk

Bar:	Element:	Count:	Percent:	
1	sammála	8	40%	
2	frekar sammála	9	45%	-Mode
3	hlutlaus	2	10%	
4	frekar ósammála	1	5%	
5	ósammála	0	0%	

X9: sp 8 starfsf: persónul barna

Bar:	Element:	Count:	Percent:	
1	sammála	5	25%	
2	frekar sammála	8	40%	-Mode
3	hlutlaus	7	35%	
4	frekar ósammála	0	0%	
5	ósammála	0	0%	

X₁₀ : sp 9 starfsf: kunnátta

Bar:	Element:	Count:	Percent:	
1	sammála	5	25%	
2	frekar sammála	13	65%	-Mode
3	hlutlaus	2	10%	
4	frekar ósammála	0	0%	
5	ósammála	0	0%	

X₁₁ : sp 10 Starfsf: umhyggja

Bar:	Element:	Count:	Percent:	
1	sammála	7	35%	
2	frekar sammála	12	60%	-Mode
3	hlutlaus	1	5%	
4	frekar ósammála	0	0%	
5	ósammála	0	0%	

X₁₂ : sp 11 Starfsf: au>velt a> tala...

Bar:	Element:	Count:	Percent:	
1	sammála	14	70%	-Mode
2	frekar sammála	4	20%	
3	hlutlaus	1	5%	
4	frekar ósammála	1	5%	
5	ósammála	0	0%	

X₁₃ : sp 12 Starfsf: Au>velt a> taka upp mál

Bar:	Element:	Count:	Percent:
1	sammála	6	30%
2	frekar sammála	6	30%
3	hlutlaus	4	20%
4	frekar ósammála	3	15%
5	ósammála	1	5%

X₁₄ : sp 13 Leikskstj: Au>v a> taka upp mál

Bar:	Element:	Count:	Percent:	
1	sammála	8	40%	-Mode
2	frekar sammála	2	10%	
3	hlutlaus	6	30%	
4	frekar ósammála	3	15%	
5	ósammála	1	5%	

X₁₈ : sp 17 ½roskadi leiksk.dv

Bar:	Element:	Count:	Percent:	
1	sammála	16	80%	-Mode
2	frekar sammála	3	15%	
3	hlutlaus	1	5%	
4	frekar ósammála	0	0%	
5	ósammála	0	0%	

X₂₀ : sp 19 hvíldartími

Bar:	Element:	Count:	Percent:	
1	sammála	15	75%	-Mode
2	frekar sammála	3	15%	
3	hlutlaus	2	10%	
4	frekar ósammála	0	0%	
5	ósammála	0	0%	

X₂₁ : sp 20 hreinlætis½j

Bar:	Element:	Count:	Percent:	
1	sammála	10	50%	-Mode
2	frekar sammála	6	30%	
3	hlutlaus	4	20%	
4	frekar ósammála	0	0%	
5	ósammála	0	0%	

X22 : sp 21 hópverkefni

Bar:	Element:	Count:	Percent:
1	sammála	4	20%
2	frekar sammála	6	30%
3	hlutlaus	10	50%
4	frekar ósammála	0	0%
5	ósammála	0	0%

-Mode

X23 : sp 22 húsna>i

Bar:	Element:	Count:	Percent:
1	sammála	2	10%
2	frekar sammála	5	25%
3	hlutlaus	3	15%
4	frekar ósammála	5	25%
5	ósammála	5	25%

X24 : sp 23 útivistarsvæ>i

Bar:	Element:	Count:	Percent:
1	sammála	0	0%
2	frekar sammála	7	35%
3	hlutlaus	8	40%
4	frekar ósammála	4	20%
5	ósammála	1	5%

-Mode

X25 : sp 24 umhverfi

Bar:	Element:	Count:	Percent:
1	sammála	6	30%
2	frekar sammála	8	40%
3	hlutlaus	4	20%
4	frekar ósammála	2	10%
5	ósammála	0	0%

-Mode

X26 : sp 25 leikföng, tæki

Bar:	Element:	Count:	Percent:	
1	sammála	4	20%	
2	frekar sammála	10	50%	-Mode
3	hlutlaus	4	20%	
4	frekar ósammála	2	10%	
5	ósammála	0	0%	

X30 : Opin sp 2

Bar:	Element:	Count:	Percent:	
1	svara>	8	40%	
2	ekki svara>	12	60%	-Mode

X31 : opin sp 3

Bar:	Element:	Count:	Percent:	
1	svara>	4	20%	
2	ekki svara>	16	80%	-Mode

X32 : opin sp 4

Bar:	Element:	Count:	Percent:	
1	svara>	4	20%	
2	ekki svara>	16	80%	-Mode